



HÁSKÓLI ÍSLANDS
RANNSÓKNASETUR HÁSKÓLA ÍSLANDS
Á STRÖNDUM - ÞJÓÐFRÆÐISTOFA



Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra



Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson
Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Unnið fyrir SSVN – Júní 2021

Samstarf og sóknarfæri safna á Norðurlandi vestra

Jón Jónsson og Eiríkur Valdimarsson
Rannsóknasetur HÍ á Ströndum – Þjóðfræðistofa

Unnið fyrir SSNV – Júní 2021

EFNISYFIRLIT

Samantekt á helstu niðurstöðum:	5
Inngangur	10
Verkefnið og markmið þess	12
Rammi um safnastarf í landinu	14
Lagaumhverfi safna	14
Minjasöfn	14
Skjalasöfn	18
Bókasöfn	20
Setur og sýningar	22
Safnastarf á Norðurlandi vestra	25
Svæðisskipting og skipulag safnastarfs	25
Viðurkennd minjasöfn í landshlutanum	27
Byggðasafn Skagfirðinga	27
Heimilisönaðarsafnið á Blönduósi	28
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	29
Skjala-, lista- og bókasöfn	30
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	30
Héraðsbókasafn Skagfirðinga	31
Bókasöfn og lestrarfélög í Akrahreppi	31
Listasafn Skagfirðinga	31
Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga	32
Héraðsbókasafn Austur-Húnavetninga	32
Bókasafn Skagastrandar	33
Bókasafn Halldórs Bjarnasonar hjá Rannsóknasetri HÍ á Skagaströnd	33
Ljósmyndasafn Skagastrandar	33
Bókasafnið Dalsmynni, Húnavatnshreppi	33
Héraðsskjalasafn Vestur Húnavatnssýslu	33
Héraðsbókasafn Húnaþings vestra	34
Önnur safnatengd starfsemi, setur og sýningar	34
Búminjasafnið Lindabæ	34
Samgönguminjasafn Skagafjarðar	35
Puffin & friends 360°, Sauðárkróki	35
1238 – Baráttan um Ísland / The Battle of Iceland	35
Kakalaskáli	36
Sögusetur íslenska hestsins	37

Vesturfarasetrið á Hofsósi	37
Spákonuhof á Skagaströnd	38
Árnes	38
Selasetur Íslands	39
Verzlunarmiðjasafn á Hvammstanga – Bardúsa	39
Gagnkvæm virðing: Sveitarstjórnir og safnafólk	41
Ferli við sameiningu safna	44
Samstarf: Umræður og úrbætur	47
Staða mála í samstarfi safna	47
Möguleikar á auknu samstarfi safna	48
„Sýnileikarnir“	49
Áskoranir á tækniöld	52
Samstarf út fyrir safnaheiminn	53
Tillaga um tilraunaverkefni: Samstarf safna 2022–2024	54
Lokaorð	56

Samantekt á helstu niðurstöðum:

- Á Norðurlandi vestra er **safnastarf fjölbreytt og breiddin umtalsverð**. Byggðasöfn, héraðsskjalasöfn og bókasöfn eru starfandi fyrir allt svæðið. Í landshlutanum er einnig að finna áhugaverð sérsöfn og margvíslega miðlun sem byggir á sögulegri, náttúrutengdri og menningarlegri sérstöðu. Öflugar tengingar eru við minjavörsluna á landsvísu, náttúruvísindi, sögu, menningu, ferðaþjónustu, rannsóknir og fræði.
- **Fagmennska og fjármagn:** Þetta tvennt ræður fyrst og fremst árangri í safnastarfi og hvort safnatengdri starfsemi tekst að ná markmiðum sínum. Lang mikilvægast í þessu samhengi er starfsfólkið sjálft, reynsla þess, menntun, þekking og hæfni. Það er oft með hreinum ólíkindum hversu öflugur og faglegur starfi safnafólk getur haldið úti, miðað við aðstæður. Kraftmikið starfsfólk er grundvöllur fyrir kraftmikið safnastarf og það getur líka skapað stemmningu og staðið fyrir fjölbreyttum verkefnum, þannig að jafnvel lítil söfn skipti umtalsverðu máli fyrir nærsamfélagið, mannlíf og menningu. Það breytir því þó ekki að fjármagnið sem söfnin hafa úr að spila í starfseminni skiptir einnig mjög miklu máli, fjármagnið sem rennur í starfsmannahald, uppbyggingu og rekstur, setur ramma utan um þann árangur sem hægt er að ætlast til að náist hverju sinni.
- Nauðsynlegt er að **ráða fagfólk til starfa**, eftir því sem kostur er, með það að markmiði að efla starfsemi safna í landshlutanum. Síðustu árin hefur fólki hér á landi sem hefur menntað sig í margvíslegum fögum eins og safnafræði, menningarmiðlun, menningarstjórnun, upplýsingatækni og fleiri skyldum greinum fjölgað mikið. Það er sjálfsagt og eðlilegt að nýta þekkingu þeirra og menntun. Leggja ætti ríka áherslu á að auglýsa eftir og ráða fagmenntað fólk í allar stöður sem losna eða verða til í tengslum við uppbyggingu og starfsemi safna.
- **Fjármagn frá hinu opinbera** kemur fyrst og fremst úr þremur áttum; frá ríki, frá sveitarfélögum og í formi verkefnastyrkja úr margvíslegum opinberum sérsjóðum. Við þetta bætast sértekjur safnanna og aðrir styrkir. Aðgengi að fjármagni frá hinu opinbera er misjafnt eftir bakgrunni og eignarhaldi safna.
- **Bakgrunnur og eignarhald** safna og safnatengdrar starfsemi á svæðinu er mjög ólíkt. Sum söfnin eru í eigu sveitarfélaga, önnur eru sjálfseignarstofnanir sem byggja á samfélagslegum markmiðum og nokkur byggja á framtaki og frumkvöðlastarfi einstaklinga eða hópa og eru í einkaeigu.
- Með sama hætti er **tilgangur starfseminnar ólíkur**. Bókasöfn eru fyrst og fremst þjónustustofnanir í héraði, hugsuð til að mæta þörfum íbúa. Hefðbundin minjasöfn, ljósmyndasöfn og skjalasöfn, einbeita sér yfirleitt fyrst og fremst að minjavörslunni og hugsa um söfnun, skráningu og varðveislu, að viðbættum rannsóknum og miðlun, á héraðs- eða landsvísu. Sum safnatengd starfsemi hefur sterk tengsl við fræðasamfélagið, ýmist í hug- eða náttúruvísindum, og hafa beinlínis að markmiði að leggja sitt af mörkum í rannsóknastarfi á tilteknu fræðasviði. Önnur hafa fyrst og fremst

markmið um jákvæð samfélagsleg áhrif, svo sem að efla ferðaþjónustu og atvinnulíf á tilteknu svæði. Safnatengd starfsemi snýst jafnvel beinlínis um uppbyggingu á menningar- eða náttúrutengdri ferðaþjónustu, að skapa áfangastað fyrir ferðafólk með það fyrir augum að hagnýta menningararf og sérstöðu svæðanna til að skapa ný atvinnutækifæri. Stundum er þá hlutverkið á sviði safnamála mjög takmarkað, miðlunin lyklatríðið.

- Það fylgir því **mikil ábyrgð** að koma safni á fót eða taka við rekstri slíkra. Slíkt ætti ekki að gera nema að þaulhugsuðu máli og vel undirbúnu, og í samráði við fagfólk á safnasviðinu. Hver sem tekur að sér rekstur safns þarf að átta sig á og skilja þær skuldbindingar sem því fylgja til langs tíma, hvort sem um er að ræða einkaaðila, stjórnir og aðstandendur sjálfseignarstofnana eða sveitarstjórnir. Af rekstri safna er yfirleitt ekki fjárhagslegur ávinningur, enda markmiðin nærri alltaf önnur og samfélagsmiðuð. Bakland og rekstrargrundvöllur safna verður að vera tryggður, til langs tíma.
- **Hlutverk eiganda og stjórna safna** er að stjórna þeim og vinna sem best að markmiðum þeirra. Forsenda fyrir því að ákveðið sé að skoða sameiningar og hefja það ferli er að það sé vilji þessara aðila. Slík ákvörðun þarf alltaf að byggjast á traustum rökum og skila faglegum ávinningi, vera bæði starfseminni og minjavörslunni til heilla. Það er eðlilegt að gera þá kröfu til eigenda og stjórna að þeir treysti og nýti þekkingu og reynslu starfsfólki og sérfræðingum safna við ákvarðanatöku er varða menningararfinn og málefni safna.
- **Sameining safna er ferli sem tekur tíma**, skilgreina þarf vandlega ávinning, markmið og leiðir, kosti og galla. Mikilvægt er að sátt sé um þessi atriði og viðhorf starfsfólks í þessu ferli séu virt.

Sameiningar safna koma almennt séð helst til álita við tiltekna aðstæður:

- Þegar aðilar vilja sameinast og fagleg rök um eflingu starfseminnar liggja á bak við slíkar tillögur.
- Þegar eigandi safna er sami aðilinn.
- Þegar bakgrunnur, markmið og tilgangur starfsemi tveggja aðila er svipaður.
- Við allar sameiningar sveitarfélaga er eðlilegt að skoða þennan málaflokk, eins og aðra, í samráði við fagfólkið sem starfar í söfnunum.
- Þegar illa gengur hjá safnastofnun eða safnatengdri starfsemi fjárhagslega eða rekstrarlega og markmið um starfsemi og þjónustu nást ekki.
- Við kynslóðaskipti og stórar breytingar hjá einkareknum söfnum, geta skapast aðstæður þar sem sameining er besti kosturinn.

Sameiningar koma síður til álita við tiltekna aðstæður:

- Þegar markmið og tilgangur starfseminnar er ólíkur.
- Ólíkt eignarhald stendur oft í vegi fyrir sameiningum, viljinn þarf að vera fyrir hendi hjá báðum eða öllum aðilum.

- Þegar starfsemi lítilla safna er í blóma, starfsemin gengur vel og reksturinn er sjálfbær. Þegar sá árangur sem næst er langt umfram væntingar, miðað við það fjármagn sem lagt er til, er engin sérstök ástæða til vangaveltna um sameiningar.
- Ekki er mælt með því að mörg sveitarfélög á stóru landsvæði standi saman að rekstri eins safns, nema sýningarstaðir eða þjónustustöðvar séu þá fleiri. Nálægð íbúa og þeirra sem nýta þjónustuna við starfsemina sjálfa skiptir máli og ekki síður tilfinning íbúa um mikilvægi, tengsl og rætur safna á starfssvæðinu. Einnig um eignarhaldið þegar sveitarfélög eiga söfnin.
- **Samvinna og samstarf:** Mikilvægt er að söfn á sama sviði vinni saman að margvíslegum verkefnum sem stuðla að fagmennsku og gæðapróun, þótt sameining sé ekki í farvatninu. Samvinna er frábær leið til að styrkja starfsemi safna, nýta ólíka sérfræðikunnáttu starfsfólks, yfirfæra þekkingu milli aðila, einnig við að miðla fróðleik og mörg önnur verkefni. Flest verkefni safna er hægt að vinna í samvinnu, t.d. gildir það um rannsóknir og skráningu og það er líka alveg kjörið að sameinast um verkefni eins og námskeiðahald, bæði fyrir safnafólkið og námskeið sem það heldur fyrir almenning. Sama á við um verkefni í safnafræðslu og móttöku skólahópa, uppsetningu sýninga, ráðstefnuhald og útgáfuverkefni svo dæmi séu tekin. Það er áriðandi að safnafólk upplifi sig ekki eitt í heiminum, jafnvel þótt það starfi í einmenningsstofnun. Safnastarf getur á köflum verið óskaplegt strögl og einyrkjastarf og þegar slíkt er í gangi er hætt við að fólk brenni út í starfi sínu. Reglulegt samtal við fólk á sama sviði getur skipt sköpum. Samstarf um starfskrafta og afleysingar milli safna gæti líka komið til greina.
- **Skortur á geymslurými og geymslum** þar sem aðstaðan er öll til fyrirmyndar er sameiginlegt vandamál safna í héraðinu. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að huga að sameiginlegum lausnum. Stjórnendur viðurkenndra safna eru meðvitaðir um kröfur sem gerðar eru varðandi varðveislu og geta miðlað þeim upplýsingum. Það væri líka vænlegt samstarfsverkefni fyrir söfn að skoða sameiginlega möguleika í að efla fagmennsku og fyrirbyggjandi forvörslu, t.d. varðandi öryggismál og öryggiskerfi, skjalaskápa, sýrufriar umbúðir og yfirbreiðslur í geymslum, hita- og rakastýringu, pv-filmur í glugga á sýningarstöðum og slíkt. Menningararfinn þarf ávallt að geyma við viðunandi aðstæður. Fagmennska fylgir betri geymslum.
- **Samstarf þvert á fagsvið:** Samstarfsmöguleikar eru ekki einungis á milli safna á sama sviði. Mikil tækifæri eru líka á samstarfi þvert á fagsvið, m.a. milli byggðasafna, héraðsskjalasafna og héraðsbókasafna. Þar eru tækifæri til að leiða saman ólík sjónarmið, sem þó lúta sömu markmiðum, að varðveita og miðla menningararfinum. Sjá má fyrir sér samstarf um þróunarverkefni kringum sérhæfða móttöku, t.d. milli skjalasafna á svæðinu við móttöku á rafrænu efni. Einnig milli allra safna við margvíslega tæknivæðingu og rafræna miðlun. Þarna gætu stofnanir klárlega sameinað krafta sína og um leið notið ávinnings af auknum sýnileika á starfseminni.
- **Samstarf við móttöku og forvörslu** á munum og minjum. Minjar eru best geymdar þar sem aðstaðan er best til að taka á móti aðföngum og geyma gripi í góðri geymslu. Eins

er sjálfsagt að vísa gjöfum sem eiga betur á heima á öðru safni þangað, fylgja söfnunarstefnu hvers safns. Stundum hefur fólk ekki viljað skila inn munum til einstakra safna, stundum er einhver rígur milli svæða þar á bak við eða áhyggjur af aðbúnaði og þar með framtíð gripanna. Stundum vill fólk líka vera vissst um að minjar verði til sýnis, en endi ekki í geymslu, sem yfirleitt er ekki hægt að lofa. Byggðasöfn ættu helst ekki að taka við munum sem eiga frekar heima á héraðsskjalasöfnum eða öfugt. Samtal og samvinna, skýr söfnunarstefna allra aðila og samráð safnanna við söfnun muna, handrita, ljósmynda o.s.frv. myndi koma í veg fyrir slík álitamál og vandamál.

- **Samstarf út fyrir rammann:** Margvíslegt samstarf við aðila á öðrum sviðum getur vel skilað ávinningi, bæði við rannsóknir og miðlun. Þar má nefna samstarf við skólakerfið, allt frá háskólum niður í leikskóla, rannsókn- og fræðasetur, aðrar menningarstofnanir og öflug sögufélög sem standa fyrir útgáfu á öllu svæðinu. Sama gildir um samstarf við ferðabjóna, listafólk og einstaka fræðimenn, sem oft getur verið bæði gjöfult og gefandi.
- **Samvinna um kynningu og markaðssetningu**
 - **Heimasíður, samfélagsmiðlar og smáforrit** eru mikilvægur gluggi út á við, þar er hægt að halda úti upplýsingamiðlun og fróðleik á ársgrundvelli, óbundið við stað og stund. Skemmtileg þematengd samvinna um fróðleiksmiðlun er möguleg. Gaman væri að byrja á að birta myndir af safnafólkinu sjálfu að störfum og segja frá þeirra sterku hliðum og verkefnum þeirra.
 - Mörg söfnin vantar **betra myndefni** til markaðssetningar. Þau gætu tekið sig saman um að fá ljósmyndara til að fara rúnt um svæðið og mynda söfn og safnafólk. Eflaust er hægt að vinna þetta með Markaðsstofu Norðurlands.
 - **Sameiginlegt safnakort** fyrir fjórðunginn til dreifingar á ferðamannastaði væri líka áhugaverð tilraun, með myndrænni framsetningu.
 - Samvinna um **samræmdar merkingar** gæti verið möguleiki og eins að samnýta hönnun, líkt og nýlega var gert hjá söfnum sveitarfélaganna í Skagafirði með sameiginlegum heimasíðum og lógóum. Hjá einstaka söfnum eru merkingar litlar og auðvitað væri betra ef ferðafólk ætti auðveldara með að finna viðkomandi.
 - Á nokkrum stöðum á landinu hafa verið gerðar tilraunir með **Safnapassa** sem aðgöngumiða á fleiri en eitt safn, en oftast hefur ekki náðst að útfæra slíkar hugmyndir nema eigandi sé sami. Oft gagnast slík verkefni frekar litlum söfnum.
- Aukin stemmning og innbyrðis kynni í hópi safnafólksins sjálfs skiptir máli. Persónuleg tengsl eru oft forsenda fyrir samvinnu. Málþing og sögustundir þar sem sagt er frá margvíslegum verkefnum sem söfnin eru að fást við væru skemmtileg og að auki er gagnlegt að segja frá verkefnum, deila þekkingu og skiptast á reynslusögum. Til viðbótar er einnig mælt með gagnkvæmum heimsóknnum, sameiginlegum skoðunarferðum, uppskeruhátíð að hausti, sameiginlegum kvöldverði og skemmtun. **Gleðin má aldrei gleymast!**
- Það er tillaga okkar að safnafólk á Norðurlandi vestra stofni til **tímabundins tilraunaverkefnis á árunum 2022-2024**, til að efla samstarf safna á svæðinu.

Margvísleg smærri kynningar-, miðlunar- og símenntunarverkefni væru einnig á dagskrá. Að auki yrði verkefnið þá vettvangur fyrir áframhaldandi umræðu um samstarf sem allir hafa ávinning af og það yrði hluti af verkefninu sjálfu að móta samstarfið og gera tilraunir með það.

- Ef velja ætti þrjú lykilhugtök um forgangsatriði í safnastarfi á Norðurlandi vestra á næstu árum, er viðbúið að fyrir valinu yrðu **fagmennska, gæðapróun og samstarf**.

Inngangur

Þessi samantekt er skrifuð fyrir safna- og sveitarstjórnarfólk á Norðurlandi vestra. Hún er í senn yfirlit og stöðugreining á safnamálum á svæðinu og hvatning um kraftmikla samvinnu í safnaheiminum, aukið samráð og öflugt samtal. Þar skiptir bein samvinna og samhjálp safnanna sjálfra auðvitað mestu, en ekki er síður átt við samstarf milli safna og ólíkra aðila á svæðinu sem vinna að svipuðum markmiðum um minjavörslu og eflingu menningar, mannlífs og byggðar. Hér má t.d. nefna samstarf við skóla á ólíkum skólastigum, félagasamtök, rannsókn- og menningarstofnanir, ferðaþjónustu, fræði- og listafólk.

Hvað varðar samtalið sem þyrfti að vera kröftugra, er sérstaklega átt við samtal milli þeirra hópa sem nefndir eru í fyrstu línu og skýrslan er skrifuð fyrir, sveitarstjórnir og safnafólk. Fagleg umræða og skoðanaskipti eru mikilvæg fyrir báða þessa hópa. Þannig byggist upp þekking á málaflokknum og reynslan og fagmennskan sem er til staðar kemur að gagni. Og það er reyndar beinlínis rangt að tala um sveitarstjórnarfólk og safnafólk sem tvo aðskilda hópa, því þau eru samherjar í baráttunni og vissulega eru eigendur, stjórnir og starfsmenn safna öll sem eitt í þeim hópi sem kalla ætti safnafólk. Sveitarfélögin eiga söfn og stýra starfsemi þeirra, stundum ein og sér og stundum í samvinnu við önnur sveitarfélög. Auk þess styðja þau oft við starfsemi og uppbyggingu annarrar safnatengdrar starfsemi, setra og sýninga, í sínum heimahéruðum.

Síðustu ár hafa verið miklar mannabreytingar í sveitarstjórnnum eftir kosningar og það er örugglega ekki alltaf af einskærum áhuga á safnamálum sem fólk gefur kost á sér til þeirra starfa. Þekking á þessum málaflokki er kannski takmörkuð og jafnvel áhuginn líka. Eftir sem áður er fullkomlega eðlilegt að gera þá kröfu á fólk sem valið er til trúnaðarstarfa í sveitarstjórnnum, að það setji sig inn í þau verkefni sem fengist er við á þessum vettvangi og þar með að þau kynni sér, þekki og virði þá sögu sem í felst í starfi safnanna, markmið þeirra og tilgang.

Auðvelda leiðin til að byggja upp slíka þekkingu er að nýta reynslu og fagmennsku sem fyrirliggjandi er í málaflokknum og að sveitarstjórnarfólk eigi í vönduðum samskiptum við starfsmenn safnanna. Samtalið er lykilatriðið, því þannig nýtist fagþekking, menntun, reynsla og hæfni starfsfólksins. Það má raunar gjarnan líta svo á að það sé að nokkru leyti á ábyrgð safnanna sjálfra að sjá til þess að slík fagleg umræða og upplýsingamiðlun um starfsemi þeirra fari fram, ákveðið frumkvæði þurfi að koma frá þeim, tengt hverri nýliðun í sveitarstjórnnum.

Í skýrslunni er ekki eytt miklu þúðri í að tala um mikilvægi safna – það er gengið út frá því sem gefnu að viðtakendur átti sig á því og skilji um hvað starfið snýst, minjavörslu á landsvísu, menntunarhlutverk þeirra og samfélagslegt gildi. Hér er frekar á ferðinni hugleiðing um samspil safna og samfélags, ólík viðhorf, samstarf, gæðapróun og gagnkvæma virðingu. Tækifæri og möguleika.

Athyglinni er fyrst og fremst beint að söfnum sem eru í eigu og umsjón sveitarfélaganna. Einnig er fjallað um aðra safnatengda starfsemi og ýmis verkefni sem teljast frekar til menningartengdrar ferðaþjónustu á svæðinu, með það fyrir augum að gefa ákveðna

heildarmynd. Þannig er líka fjallað um söfn, setur og sýningar, sem sjálfseignarstofnanir, félög og jafnvel einstaklingar, eiga og reka. Miðað var við að nefna til sögunnar þá staði sem selja aðgang að sýningum fyrir aðgangseyri. Rétt er svo í því samhengi að minna sérstaklega á að það eru stjórnir og eigendur safnanna og fyrirtækja í menningartengdri ferðaþjónustu sem sjálfir taka ákvarðanir um rekstur þeirra og fyrirkomulag, þar með talið hugsanlegt samstarf og sameiningar. Slíkar ákvarðanir eru vonandi sem allra oftast á grundvelli tillagna fagfólksins og reynsluboltanna sem á söfnunum starfa, en rétt er að benda sérstaklega á að utanaðkomandi aðilar geta ekki tekið slíkar ákvarðanir fyrir annarra hönd.

Einnig er rétt að taka fram að ákveðið var að velja það sjónarhorn að skoða málaflokkinn í heild sinni eins og hann snýr að sveitarfélögunum og fjalla í senn um minjasöfn, skjalasöfn og bókasöfn, þrátt fyrir að nokkur munur sé á markmiðum þeirra og tilgangi. Sveitarfélögin standa yfirleitt fyrir rekstri þessara síðastnefndu safna. Að okkar mati geta þessi ólíku söfn og menningarstarfsemi lært nokkuð hvort af öðru, rétt eins og ferðaþjónustan og safnafólkið geta dregið lærdóm af því sem vel tekst til hjá hvort öðru. Þetta sjónarhorn byggir líka á þeirri tilfinningu að það sé eitt af sérstöðunni við stöðu mála á Norðurlandi vestra, hversu mikið samtal og samstarf er á milli þessara ólíku gerða safna.

Verkefnið og markmið þess

Þann 11. júní 2018 var samþykkt á Alþingi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2022 og samanstendur hún af 54 aðgerðum. Ein þeirra er aðgerð C.14. Samstarf safna – ábyrgðarsöfn, en inn á vef Stjórnarráðs Íslands segir um verkefnið:

Landshlutasamtökum sveitarfélaga verði falið að gera fýsileikakönnun um aukið samstarf eða sameiningu safna á sínu svæði í samstarfi og samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn með vísan til 13. gr. safnalaga, nr. 141/2011, auk safnaráðs. Árangur af verkefninu verði mældur í fjölda safna sem hefja samstarf eða sameinast.¹

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra réðu Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Ströndum - Þjóðfræðistofu til að vinna þessa úttekt fyrir samtökin. Greining þessi var unnin af starfsmönnum Rannsóknasetursins, Jóni Jónssyni og Eiríki Valdimarssyni. Þeir eru báðir þjóðfræðingar að mennt og hafa reynslu af verkefnum á sviði menningar og miðlunar, auk safnavinnu ýmiskonar, jafnt við hugmyndavinnu og áætlanagerð, stofnun og uppsetningu safna, ráðgjöf og safnvörslu. Að auki hafa báðir reynslu af því að sitja í sveitarstjórn og þannig innsýn í stjórnsýsluna á bak við starfsemi safna frá sjónarhóli eigenda. Ennfremur starfaði Jón í tæpan áratug sem menningarfulltrúi Vestfjarða.

Í upphafi þessarar vinnu var ljóst að mikilvægt væri að fanga hugmyndir safnafólks sem starfar á svæðinu. Einnig var lagst yfir rannsókn á fyrirliggjandi skýrslum og gögnum. Til þess að ná utan um þessa þekkingu fóru skýrsluhöfundar í vettvangsferðir, öfluðu gagna í gegnum tölvusamskipti og með símtölum. Áhersla var fyrst og fremst lögð á safnastarfsemi á vegum sveitarfélaga og sem tengist þeim, en einnig leitast við að gefa heildarmynd af safnatengdu starfi og að hluta menningar- og náttúrutengdri ferðapjónustu með sýningarhaldi í landshlutanum.

Áhrifa Covid19 heimsfaraldursins gætir vitaskuld á öll verkefni og vinnu á þessum tímum, þar sem ekki var hægt að halda stórfundi og samkomur þar sem fólk hittist í eigin persónu, sem augljóslega er besta aðferðin til að skiptast á skoðunum og stuðla að samvinnu. Samtalið er upphaf allrar gæðaþróunarvinnu. Eins voru á köflum erfiðleikar með að ferðast um svæðið vegna sóttvarnareglna, til að skoða aðstæður og ræða við fólk augliti til auglitis. Í ofanálág hefur faraldurinn svo líka haft mikil áhrif á starfsemi safna og væntingar til safnastarfs, sérstaklega þeirrar starfsemi sem skilgreinir sig að verulegu leyti sem ferðapjóna og hefur haft miklar sértekjur af heimsóknum ferðafólks. Þá er mikilvægt að eiga öfluga bakhjarla og þar skipta sveitarfélögin mestu máli.

Aðstæður hafa þannig breyst umtalsvert á þeim tíma sem skýrslugerðin hefur tekið. Frá því í byrjun ársins 2020 hefur heimsmynd safnafólks og annarra sem að slíkri vinnu koma orðið fyrir

¹ Sjá á vefsíðu Stjórnarráðsins:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggdamal/byggdamal/adgerdaaaetlun/adgerd/?itimid=564c2d68-b773-11e8-942c-005056bc4d74>.

verulegum áhrifum af heimsfaraldrinum Covid 19 og nú má búast við að áætlanir um gestafjölda og sértekjur verði að einhverju leyti marklausar vegna utanaðkomandi áhrifa, annað árið í röð. Viðhorf og hugmyndir safnafólks um framtíðina hafa því eðlilega breyst að einhverju leyti í ljósi aðstæðna. Sama gildir auðvitað um stöðu sveitarfélaga og ríkis sem hefur breyst nokkuð, þar þarf að endurhugsa margvísleg mál.

Rammi um safnastarf í landinu

Lagaumhverfi safna

Stofnanir á sviði minjavörslu á landsvísu lúta ólíkum reglum og sinna mismunandi skyldum eftir því hver tilgangur þeirra er. Þó er vel hægt að greina ákveðinn samnefnara, sem snýst um söfnun og varðveislu menningararfsins, minja og minninga, aðgengi að safnkostinum til vísindastarfa og rannsókna og margvíslega miðlun í þágu samfélagslegra markmiða.

Hér á eftir verður til fróðleiks og upprifjunar farið yfir þá flokka safna, setra og sýninga, sem eru til umfjöllunar í skýrslunni og rætt um þann ramma sem um þau er settur í lögum og reglugerðum.

Minjasöfn

Um starfsemi minjasafna í landinu gilda Safnalög sem voru sett 2011 og tóku gildi 1. janúar 2013.² Söfn eru skilgreind þannig að þau séu varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og ekki í hagnaðarskyni. Þau eiga að vera opin almenningi. Söfn eiga með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun að hafa það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Þau eiga að hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði fólks með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda. Þeim er skylt að stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.

Í lögnum er skilgreind þrenns konar staða safna. Þar er í fyrsta lagi um að ræða höfuðsöfn, í öðru lagi ábyrgðarsöfn og þriðji hópurinn er viðurkennd söfn. Söfn sem tilheyra þessum þremur hópum falla þá undir safnalögin og því fylgja bæði réttindi og skyldur. Vinna þarf samkvæmt faglegum grunni og fylgja alþjóðlegum viðmiðum ICOM, hver sem sérstaðan, viðfangsefnin og verkefninu eru.

Á Íslandi eru höfuðsöfn á sviði minjavörslunnar þrjú. Þau eru Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Höfuðsöfn eru miðstöð safnastarfsemi á sínum sviðum og gegna þar forystuhlutverki á landsvísu. Ennfremur segir í lögnum að höfuðsöfn skuli vera öðrum söfnum til ráðgjafar og skulu stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu og leiða faglegt samstarf. Það er einnig hlutverk þeirra að efla færni starfsfólks á söfnum og auka þekkingu þess á málaflokknum og faglegum vinnubrögðum.

Það er áhugavert að skoða þessa þrískiptingu minjavörslunnar með hliðsjón af Norðurlandi vestra. Starfssvæði hefðbundinna byggðasafna nær yfir allt svæðið, annars vegar er þar Byggðasafn Skagfirðinga og hins vegar Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. Fleiri söfn

² Safnalög nr 141/2011, sjá: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011141.html>.

taka svo fyrir afmarkaða þætti menningararfsins. Staðan er eitthvað lakari með náttúruminja- og listasöfn, en samt er starfandi sérstakt listasafn í Skagafirði þótt það sé ekki mjög áberandi. Héraðsskjalasöfnin og fleiri söfn og setur eiga og varðveita listaverk, dágott safn er t.d. á Héraðsskjalasafninu á Blönduósi. Sumar sögusýningar á svæðinu eiga líka gjöfult samstarf við listafólk, eins og t.d. sýningin um Sturlungaöldina í Kakalaskála sem byggir beinlínis á alþjóðlegu samstarfi og samspili lista og fróðleiks. Samstarf við listafólk í tengslum við varanlegt og tímabundið sýningahald, sviðsmyndir á sýningum og einstök verkefni er einnig algengt. Á Heimilisíðnaðarsafninu á Blönduósi hafa t.d. verið settar árlega upp nýjar sýningar í samstarfi safnsins og listafólks á sviði textíls, allt frá því að nýtt sýningarhúsnæði var opnað 2003.

Sérstakt náttúruminjasafn er ekki starfandi á Norðurlandi vestra, en athygli er beint að náttúru- og dýralífi sem sérkennir svæðið, ásamt miðlun fróðleiks og rannsóknum, á setrum eins og Selasetri Íslands á Hvammstanga og Sögusetri íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal. Náttúrugripasafn Skagafjarðar í Varmahlíð í Skagafirði er með skráða kennitölu félagasamtaka og áður var sýning á náttúrugripum í skólanum þar. Þetta safn sem er í eigu sveitarfélaganna í Skagafirði er nú í geymslu og bíður betri tíðar og sýningaraðstöðu, en í því er t.d. talsvert af uppstoppuðum dýrum og fuglum, einnig merkilegt plöntusafn.

Í lögnum er gengið út frá því að einstök söfn geti orðið ábyrgðarsöfn, ýmist eftir fagsviðum eða á afmörkuðum landssvæðum. Valdið til að taka ákvörðun um þetta er hjá ráðherra sem getur falið viðurkenndum söfnum að vera ábyrgðarsafn á tilteknu sviði eða ákveðnu landssvæði, að fenginni tillögu þar um frá viðkomandi höfuðsafni. Í lögnum er rætt um skyldur slíkra safna, þau eiga að veita öðrum söfnum eða safnatengdri starfsemi ráðgjöf og leiðbeiningar eins og kostur er, auk þess að starfa í nánú samstarfi við höfuðsafnið á viðkomandi safnasviði. Gerð er krafa um að forstöðumaður ábyrgðarsafns hafi háskólamenntun og sé í fullu starfi og að minnsta kosti einn fagmenntaður starfsmaður til viðbótar sé í starfi hjá safninu.

Þrátt fyrir þennan kafla í lögnum, þá hefur ekkert ábyrgðarsafn enn verið staðfest hér á landi. Sennileg skýring er sú að þarna fylgja fyrst og fremst skyldur, en óljóst er með ávinninginn fyrir þau söfn sem taka að sér þetta leiðandi hlutverk. Augljóst er að þau þurfa að vera öflug og með sérhæfða starfsmenn til að geta staðið sig í stykkinu. Nauðsynlegt væri að sérstakt fjármagn fylgdi til ábyrgðarsafna, sem virðist annars að langmestu leyti vera nokkuð góð hugmynd um fyrirkomulag, til að þau gætu betur rækt skyldur sínar og komið að gagni við minjavörsluna í landinu. Eðlilegt væri að stefna að því að skilgreint væri ábyrgðarsafn fyrir landshlutann á Norðurlandi vestra og það liggur nokkuð beint við að öflugasta safnið, Byggðasafn Skagfirðinga, tæki að sér það hlutverk.

Í þriðja lagi eru það svo viðurkenndu söfnin, en reglugerð um viðurkenningu safna var sett af Mennta- og menningarmálaráðuneyti 2013 og byggir á safnalögnum.³ Hlutverk viðurkenndra safna er í senn fólgið í minjavörslu og þjónustu. Þau þurfa að gegna ólíkum hlutverkum, sinna söfnun, skráningu, varðveislu til framtíðar (og margvíslegri forvörslu sem því tengist), rannsóknum, sýningum, fræðslu og annarri miðlun og þjónustu. Til að komast yfir þessi ólíku

³ Sjá nánar, Reglugerð um viðurkenningu safna, nr. 900/2013, <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/900-2013>.

verkefni þarf bæði mannafla og fjármagn og rétt að minna á að það er skylda eigenda og stjórna viðurkenndra safna að tryggja fjárhagslegt sjálfstæði þeirra og starfsöryggi og finna leiðir til að starfsemi þeirra sé ekki of aðþrengd.

Þrjú viðurkennd söfn er á Norðurlandi vestra, Byggðasafn Skagfirðinga, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna. Alls hafa 46 söfn á landinu hlotið viðurkenningu safnaráðs.

Talsverðar kröfur fylgja viðurkenningu safna, það þarf að sækja sérstaklega um hana og skila margvíslegum gögnum. Ráðherra veitir svo viðurkenningu að fenginni tillögu Safnaráðs. Ávinningurinn sem fylgir viðurkenningunni er helst sá, að viðurkenndu söfnin geta sótt um og fengið styrki úr Safnasjóði. Einnig er ríkissjóði heimilt að veita viðurkenndum söfnum styrk til að mæta stofnkostnaði við byggingarframkvæmdir, en um slíkt þarf að semja sérstaklega. Auðvitað felst svo líka í því heilmikil fagmennska og gæðabróun í því að gangast undir að uppfylla miklar kröfur og það er augljós ávinningur fyrir minjavörsluna í landinu að sem flest söfn geri það.

Viðurkennd söfn þurfa að vera í eigu opinberra aðila, sjálfseignarstofnunar, félags eða fyrirtækis sem tryggir fjárhagslegan grundvöll safnsins og setur því stjórn. Þau þurfa að geta staðið undir faglegri starfsemi af eigin rammleik, eigendur verða að tryggja það. Skilyrði er að þau séu ekki rekin í hagnaðarskyni og þau þurfa að hafa sjálfstæðan fjárhag, aðskilinn frá öðrum rekstri eigenda. Gerð er krafa um að reikningar viðurkenndra safna séu gerðir af löggiltum endurskoðendum og skila þarf árlega ársreikningum og skýrslu um starfsemi.

Viðurkennd söfn þurfa að starfa eftir stofnskrá (skipulagsskrá eða samþykktum) sem Safnaráð hefur staðfest, þau þurfa að afmarka viðfangsefni og starfssvæði safnsins og greina frá hvernig safnalög og skilmálar Safnaráðs séu uppfylltir. Þeir skilmálar snúast m.a. um húsnæði, heilbrigðiseftirlit, eldvarnir, aðstöðu í sýninga- og geymsluhúsnæði, öryggiskerfi vegna bruna, innbrota og raka. Þau þurfa að hafa eftirlit með ljósmagni, hitastigi og rakastigi, hafa gert neyðaráætlun, skrá aðföng og gripi í fullnægjandi skráningarkerfi og starfsemi þeirra þarf að vera fagleg á margvíslegum sviðum. Í faglegu starfseminni felst svo m.a. að unnið sé eftir söfnunarstefnu sem birt sé opinberlega, farið sé eftir leiðbeiningum um skráningu, varðveislu og fyrirbyggjandi forvörslu. Eins að stefnumörkun um starfsemina sé skilað til höfuðsafns á fjögurra ára fresti.

Skilyrði er að viðurkenndu söfnin sinni öllum þáttum hefðbundins safnastarfs, söfnun og varðveislu, skráningu, miðlun og rannsóknnum. Opnunartími sé auglýstur og safnið aðgengilegt almenningi og sama á að gilda um upplýsingar um skráða gripi. Viðurkennt safn á að starfa í samræmi við lög og reglugerðir, taka tillit til þarfa fólks með fötlun og starfa í samræmi við siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM). Þau eiga að veita skólanemendum sem heimsækja safnið í skipulögðum námsferðum aðgang án gjaldtöku. Krafa er um að forstöðumaður sé starfandi allt árið hjá viðurkenndum söfnum og hafi menntun á ábyrgðarsviði safnsins eða hliðstæða hæfni.

Þannig eru augljóslega nokkrar kröfur sem þarf að uppfylla, ef ætlunin er að leita eftir viðurkenningu. Sótt er um slíkt til Safnaráðs, en árlegur skilafrestur umsókna um viðurkenningu

er 31. ágúst ár hvert. Þau söfn sem hyggjast sækjast eftir viðurkenningu þurfa að meta hvort grundvöllur sé til að standa við skuldbindingar sem því fylgja og hvort fjárhagslegur grundvöllur starfseminnar sé tryggur til langs tíma. Þetta er heilmikil ákvörðun fyrir stjórnir og eigendur safna. Í fljótu bragði virðist sem þetta skref gæti helst komið til skoðunar fyrir söfn eins og Samgönguminjasafn Skagafjarðar í Stóragerði eða Sögusetur íslenska hestsins á Hólum.

Safnaráð, sem hefur verið nefnt til sögu nokkrum sinnum hér að framan, er stjórnarsýslunefnd sem er ætlað að veita faglega leiðsögn um safnastarf á Íslandi.⁴ Það á að leiða og leiðbeina um uppbyggingu og vinna að stefnumótun. Safnaráð hefur einnig með höndum umsýslu með viðurkenningu safna og fleiri verkefnum, svo sem Safnasjóði sem styrkir viðurkennd söfn til margvíslegra verkefna á hverju ári. Safnaráð fylgist líka með starfsemi viðurkenndra safna, hefur eftirlit með starfi þeirra og rekstri og hvernig þeim gengur að uppfylla kröfur sem gerðar eru í tengslum við viðurkenninguna. Safnaráð er skipað til fjögurra ára í senn, hefur framkvæmdastjóra og skrifstofu og stendur fyrir margvíslegum verkefnum.

Á allra síðustu árum hefur orðið sú þróun að fjármagn í Safnasjóði hefur aukist umtalsvert, en einnig orðið nokkur stefnubreyting um úthlutun þess. Í auknum mæli er litið svo á að eigendur og stjórnir safna eigi að tryggja þeim fjárhagslegan grundvöll, slíkt sé nauðsynleg undirstaða fyrir frekari styrkjum frá ríkinu sem er þá frekar beint til faglegrar þróunar og nýsköpunar.

Styrkir úr Safnasjóði renna nú fyrst og fremst til einstakra verkefna og hægt er að sækja um öndvegisstyrki til fleiri ára til stærri verkefna. Hins vegar er ekki lengur um að ræða sérstaka rekstrarstyrki til safna eins og áður var. Rekstrarstyrkirirnir voru fyrrum, að minnsta kosti að hluta til, hugsaðir sem eins konar jöfnunarstyrkir til að aðstoða safnastofnanir við reksturinn. Sú hugmyndafræði er ekki lengur ríkjandi og það verður að viðurkennast að minnstu söfnin sjá dálítið á eftir rekstrarstyrkjum. Nú eru fyrst og fremst veittir styrkir til margvíslegra verkefna og nýsköpunar, en líka til að efla grunnstarfsemi safnanna, vinnu að gæðapróun og aukinni fagmennsku. Mörg söfn hafa brugðist við breytingunni með því að skilgreina átaksverkefni í kringum hefðbundna starfsemi safna. Þetta er leyfilegt og snúast mörg verkefni því um átak í að bæta stöðu þeirra í hefðbundnum verkefnum safnanna, svo sem söfnun, varðveislu, skráningu, rannsóknum eða margvíslegri miðlun, s.s. endurnýjun sýninga og viðburðahald svo dæmi séu tekin.

Reyndar geta söfn sem ekki hafa fengið viðurkenningu, líka fengið styrk úr Safnasjóði samkvæmt reglum hans. Það verður hins vegar að vera til samstarfsverkefna við viðurkennd söfn. Slík verkefni hafa ekki verið mjög algeng, en þó eru dæmi um verkefni sem snúast t.d. um uppsetningu sýninga eða skráningu á safnkosti safna sem ekki hafa viðurkenningu í Sarpinn, sameiginlegt skráningarkerfi minjasafnanna.

Opinberar fjárveitingar til uppbyggingar á húsnæði safna, hvort sem er sýningar- eða geymsluhúsnæði, fara hins vegar ekki í gegnum Safnasjóð. Þar þarf sérstaka fjárveitingu frá menntamálaráðuneyti sem tekið er fram í safnalögum að stendur viðurkenndum söfnum til boða.

⁴ Sjá nánar, vefsíða Safnaráðs: www.safnarad.is.

Yfirlitt er þá gerður sérstakur samningur milli ráðuneytis, sveitarfélags og viðkomandi safns um kostnaðarhlutdeild við slíka uppbyggingu.

Hér á eftir fylgir yfirlit um framlög Safnasjóðs til safna á svæðinu síðustu þrjú ár 2019-2021. Rétt er að benda á að eftir er að auglýsa og úthluta símenntunarstyrkjum til safnanna á árinu 2021, en þau söfn sem bera sig eftir björginni hafa oft fengið á bilinu 3-600 þúsund úr þeim potti á ári hverju. Eins var í boði sérstakt framlag vegna Covid 19 á árinu 2020 sem hefur áhrif það ár.

Framlög Safnasjóðs og Uppbyggingarsjóðs Norðurlands vestra til viðurkenndra safna 2019-21

	Uppb.sj. 2019	Safnasj. 2019	Uppb.sj. 2020 ▼	Safnasj. 2020	Uppb.sj. 2021	Safnasj. 2021
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	1400	2550	1500	4500	1500	2800
Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ	550	4500	950	6200	0	3700
Byggðasafnið Reykjum	250	2637	0	3573	0	3200

Skjalasöfn

Alls er starfandi 21 héraðsskjalasöfn í landinu, að Borgarskjalasafni Reykjavíkur meðtöldu. Þau voru yfirlitt stofnuð á þeim tíma sem sýslur voru ennþá helsti samstarfsvettvangur sveitarfélaga og voru fyrst rekin á vegum sýslunefnda, síðan héraðsnefnda. Kerfið er dálítið götött, þannig vantar slík skjalasöfn á ýmsum svæðum, þar sem þau voru hreinlega aldrei stofnuð. Norðurland vestra er mjög vel stutt að þessu leyti og þrjú starfandi héraðsskjalasöfn, á Hvammstanga, Blönduósi og Sauðárkróki, ná að dekkja allt svæðið. Þetta skiptir miklu máli, því víða þar sem slík söfn vantar er varðveisla margvíslegra heimilda í miklum ólestri. Þar sem héraðsskjalasöfnin skortir hefur mikið tapast af sögulegum heimildum fyrir sögu svæðanna, þrátt fyrir skilaskyldu opinberra aðila til Þjóðskjalasafnsins. Þetta á bæði við um opinber skjöl og einkaskjöl og handrit einstaklinga sem eru dýrmætari heimildir um líf og störf fólks á svæðinu.

Ný lög um opinber skjalasöfn tóku gildi í júní 2014.⁵ Markmið þeirra er að tryggja myndun, vörslu og meðferð opinberra skjala og í þeim er bæði fjallað um skjalastjórn og skjalavörslu. Í lögnum kemur fram að Þjóðskjalasafn Íslands er framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar, auk þess að vera sjálft opinbert skjalasafn. Kostnaður við Þjóðskjalasafnið er greiddur úr ríkissjóði.

Þjóðskjalasafnið setur reglur um skjalavörslu og skjalastjórn hjá opinberum aðilum, einnig um afhendingu og frágang skjala til safna og um förgun og varðveislu. Eins er það hlutverk Þjóðskjalasafnsins lögum samkvæmt að hafa eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna og það er líka í þeirra verkahring að gera tillögu til ráðherra um hvort sveitarstjórnir eða byggðasamlög fái leyfi til að koma á laggirnar héraðsskjalasafni. Þjóðskjalasafnið gefur þá slíkt rekstrarleyfi út og það er skilyrði fyrir rekstri slíks safns.

⁵ Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2014077.html>.

Ef slíkt safn fellur í vanhirðu er Þjóðskjalasafni skylt samkvæmt lögum að afturkalla rekstrarleyfið að undangenginni viðvörun og flytja safngögnin á Þjóðskjalasafn til varðveislu á kostnað hlutaðeigandi sveitarfélag eða byggðasamlags. Ef starfsemi byggðasamlags um héraðsskjalasafn er hætt skal einnig afhenda Þjóðskjalasafni safngögnin á kostnað þeirra sveitarfélaga sem að byggðasamlaginu stóðu, í samræmi við þá skiptingu rekstrarkostnaðar sem síðast gilti milli þeirra.

Um héraðsskjalasöfnin segir í lögum að þau lúti faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns og að rekstur þeirra sé á ábyrgð sveitarfélaganna sem að þeim standa. Þá segir að héraðsskjalasöfn skuli njóta styrks úr ríkissjóði samkvæmt því sem ákveðið er í fjárlögum hverju sinni. Framlag ríkisvaldsins til héraðsskjalasafna og stuðningur við þau er satt best að segja ekki sérlega veglegur. Rekstur þeirra er fyrst og fremst verkefni á vegum sveitarfélaganna, þótt þau fái árlega minniháttar rekstrarframlög frá ríkinu, árið 2019 var samtals 15,2 millj. sem var úthlutað til þeirra af fjárlögum og svipaðri upphæð í verkefnastyrki til að gera skjöl aðgengileg rafrænt. Rekstrarstyrkirnir taka m.a. mið af íbúafjölda á starfssvæði safnanna sem er óheppilegt fyrir fámennari byggðarlög, en kemur sér vel fyrir Borgarskjalasafn.

Þjóðskjalasafnið sér um að úthluta verkefnastyrkjum til Héraðsskjalasafna frá árinu 2016. Þau verkefni þurfa að snúast um að gera skjöl aðgengileg fyrir almenning, til skönnunar og miðlunar valdra skjalaflokka. Markmiðið er að ýta undir miðlun heimilda á héraðsskjalasöfnum og öll héraðsskjalasöfn geta sótt um þessa verkefnastyrki. Til úthlutunar árið 2021 voru 16,3 milljónir og er stutt síðan styrkjum var úthlutað. Héraðsskjalasafn Skagafjarðar fékk þar stuðning til þriggja verkefna, samtals 1.850.000.- en önnur söfn á svæðinu fengu ekki styrki. Sama má segja um árin tvö á undan, þar sem Héraðsskjalasafn Skagafjarðar var eina safnið á svæðinu sem fékk stuðning við sérstök verkefni.

Hlutverk opinberra skjalasafna er skilgreint á þá leið í 13. grein laganna um opinber skjalasöfn að þau taki við og innheimti skjöl frá afhendingarskyldum aðilum (sem gefið er yfirlit um hverjir eru í lögnum) og tryggi varðveislu þeirra við öruggar aðstæður. Einnig að þau hafi eftirlit með framkvæmdinni á skilum afhendingaskyldra aðila. Einnig að þau hafi skjöl og gögn til reiðu með skráum og upplýsingum fyrir þá sem vilja nota söfnin, þar með talið til rannsókna og fræðistarfa. Þeim ber ennfremur að leiðbeina um notkun skjala í vörslu safnanna og greiða fyrir rannsóknum á þeim. Héraðsskjalasöfnum er lögum samkvæmt heimilt að innheimta gjald fyrir ljósritun og afritun gagna, í samræmi við raunkostnað við þjónustuna.

Einnig er til reglugerð um héraðsskjalasöfn frá 1994 sem stundum er vísað til um starfsemina, reglugerð nr. 283/1994, en hún missti lagagrundvöll sinn með nýju lögnum um opinber skjalasöfn árið 2014.⁶ Í nýjum lögum er áfram ákvæði um að ráðherra skuli setja nánari ákvæði í reglugerð og snemma árs 2020 voru drög að slíkri reglugerð birt í samráðsgátt stjórnvalda.⁷ Þar m.a. kveðið á um rekstrarleyfi héraðsskjalasafna, skilyrði rekstrarleyfis, umdæmi og umsögn um

⁶ Reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994, sjá <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/283-1994>.

⁷ Samráðsgátt: Reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns, mál nr. 32/2020, sjá [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2621](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2621)

förgun og ónýtingu. Þessi reglugerðardrög fengu nokkuð neikvæð viðbrögð frá héraðsskjalasöfnum og ný reglugerð hefur ekki enn verið sett fram.

Mörg skjalasöfnin safna einnig ljósmyndum og varðveita þær og það á við um öll söfnin á Norðurlandi vestra. Vinna við greiningu og skráningu mynda er í gangi á öllum söfnunum og unnið að því gera þær aðgengilegar fyrir íbúa og aðra áhugasama. Viðburðir tengdir greiningu mynda og ýmis miðlunarverkefni eru einnig í gangi og samstarf við sögufélög og aðrar safna- og menningarstofnanir.

Almennt má segja að svo virðist sem samstarf milli Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna mætti vera betra og þörf á aukinni umræðu og skilningi milli aðila, til að bæta þar úr.

Bókasöfn

Núgildandi lög um rekstur bókasafna eru frá 2012.⁸ Þar kemur skýrt fram að lítið er á bókasöfnin sem þjónustustofnanir, frekar en aðila í minjavörslunni, en rétt er þó að taka fram að á síðustu árum hefur athygli einnig í auknum mæli beinst að þjónustuhlutverki minja- og skjalsafna og mikilvægi þeirra sem þjónustustofnanna. Staðreyndin er sú að talsvert af rannsóknum safna snýst um að svara fyrirspurnum og veita þeim sem leita eftir margvíslegum upplýsingum þjónustu.

Allir landsmenn skulu samkvæmt lögnum eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna og sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu, ráða starfsfólk og sjá bókasöfnum fyrir viðunandi húsnæði og búnaði. Þessu er öðruvísi farið með aðra safnastarfsemi, sem ekki hvílir lagaskylda á sveitarfélögum að sinna. Í lögnum er sagt að almenningsbókasöfn eigi að vera menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir og að framlag til þeirra hverju sinni skuli ákveðið í fjárhagsáætlun sveitarfélaga. Þeim er skylt að taka þátt í samstarfi bókasafna og safnkosturinn og upplýsingar um hann skal vera aðgengilegur öllum.

Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Hlutverk þeirra er lögum samkvæmt að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og safnkosturinn á að endurspeгла sem flest sjónarmið. Markmiðið er að efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi. Í lögnum er kveðið á um að forstöðumaður bókasafns skuli hafa lokið prófi í bókasafns eða upplýsingafræði, „ef þess er kostur“.

Í lögnum er einnig rætt um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, skólabókasöfn, Hljóðbókasafn Íslands, sérfræðisöfn og bókasöfn stofnana sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum. Landsbókasafni er ætlað hlutverk sem forystusafn bókasafna. Það á að stuðla að samstarfi, samræmingu og þróun starfshátta og veita öðrum söfnum faglega ráðgjöf. Frekar lítið samstarf virðist þó vera milli Landsbókasafns og bókasafnanna, en kannski er líka lítið leitað

⁸ Bókasafnslög nr. 150/2012. Löggin tóku gildi 3. janúar 2013 og var síðar breytt með lögum nr. 115/2015, hvað varðar orðalag um fatlað fólk.

eftir ráðgjöfinni sem stendur til boða. Ákvæði eru um stjórnun og sameiningar bókasafna, sem fjallað verður um síðar.

Almenningsbókasöfnin fá ekki bein fjárframlög frá ríki og virðast einnig eiga frekar erfitt uppdráttar með að fá styrki úr opinberum sjóðum. Líklega er sóknin eftir því líka lítil. Yfirleitt er erfiðara fyrir söfn í eigu sveitarfélaga að fá verkefnastyrki en önnur söfn, samkvæmt reglum margra sjóða, og hefð hefur skapast fyrir að líta þannig á að það sé alfarið hlutverk sveitarfélaganna að sjá um bókasöfnin og þá þjónustu sem þau veita.

Þó má alveg hugsa sér að verkefni eða samvinna sem snýst um samfélagslega virkni bókasafna, viðburði og miðlun, geti fengið verkefnastyrki. Sama gildir um verkefni þar sem bókasöfn taka þátt í þróunarvinnu um svokallaðar samfélagsmiðstöðvar sem hugmyndir eru um að koma á fót á mörgum stöðum á landinu, einkum í minni þorpum þar sem brýn þörf er á samkomustað þar sem fólk fær tækifæri til að hittast. Slík verkefni virðast sífellt vera meira í umræðu á landsvísu og það er augljóslega ávinningur af slíkri samvinnu, bæði fyrir bókasöfnin og samfélagsmiðstöðvarnar. Víða hefur einnig verið í gangi umræða um breytta tíma og þær áskoranir sem bókasöfn og hvers kyns upplýsingaþjónusta stendur frammi fyrir, það er krefjandi að vera í takt við tímann á tölvuöld. Kannski er líka mikilvægt að bókasöfnin verði áfram athvarf fyrir lífsgæði eins og kyrrð og ró, ungmennastarf og margvísleg hæglætisverkefni.

Í lögnum er fjallað um Bókasafnasjóð sem sagt er að styrki m.a. samstarf bókasafna, en erfitt reyndist að finna upplýsingar um sjóðinn á vefnum og þar með hvort hann væri virkur eins og löggin gera ráð fyrir. Í svari við fyrirspurn til Mennta- og menningarmálaráðuneytis kom fram að Bókasafnaráð vinnur að úthlutunarreglum og matskvarða fyrir sjóðinn sem ráðherra staðfestir og stefnt sé að því að opna fyrir umsóknir í sjóðinn í haust á heimasíðu Rannís.

Bókasafnasjóður hefur það hlutverk að efla starfsemi þeirra bókasafna sem falla undir löggin og á að „styrkja skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja önnur verkefni til að efla faglegt samstarf bókasafna, m.a. alþjóðleg samstarfsverkefni sem bókasöfn, sem undir lög þessi falla, taka þátt í.“ Tekjur sjóðsins eru framlag ríkissjóðs sem ákveðið er í fjárlögum og önnur framlög og styrkveitingar ákveðnar í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins. Einnig kemur fram að ráðherra úthlutar styrkjum úr bókasafnasjóði að fengnum tillögum bókasafnaráðs.

Almenningsbókasöfn eru þannig rekin af sveitarfélögum og það er þeim skylt. Bókasöfnin hafa heimildir í lögum fyrir að innheimta gjöld fyrir þjónustu sína, útlán bóka, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildaðþjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti. Hvert safn þarf að setja gjaldskrá um alla gjaldtöku og gjöldin mega ekki vera hærri en raunkostnaður vegna þjónustunnar. Bókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir ef útlánnum er ekki skilað á réttum tíma og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda. Allar gjaldskrár skal birta notendum á aðgengilegan hátt.

Setur og sýningar

Viðurkenndu söfnin og þau sem eru rekin af sveitarfélögum eru alls ekki ein í safnaheiminum. Í raun og veru getur hver sem er komið safni, setri eða sýningu á laggirnar, ýmist á eigin vegum eða sem samfélagslegu átaki. Einstaklingar geta stofnað til slíkrar starfsemi og rekið hana, ýmist á sinni eigin eða sérstakri kennitölu. Hægt er að stofna áhugamannafélög utan um starfsemina, jafnvel einkahlutafélög og sjálfseignarstofnanir. Engar hömlur eru á nýsköpun og frumkvöðlastarfi af þessu tagi og rétt að benda á að sum af viðurkenndu söfnunum hafa einmitt orðið til með þessum hætti, á grunni framtaks einstaklinga sem höfðu bæði hugsjónir og þá frumkvöðlahugsun sem þarf til að koma slíkri starfsemi á laggirnar. Söfnun á vegum einstaklinga hefur alltaf verið aflvaki minjasöfnunar á landsvísu, benda má sem dæmi á framtak Þórðar Tómassonar á Skógum undir Eyjafjöllum og Egils Ólafssonar á Hnjóti í Örlygshöfn sem báðir lögðu grunn að safnastarfi í heilu héruðunum.

Yfirleitt er frekar erfitt að fá stuðning ríkis og sveitarfélaga við rekstur setra og sýninga sem eru ekki í eigu opinberra aðila, en fjölmörg dæmi eru hins vegar um mjög góðan árangur við að fá stuðning og framlög til að koma þeim á laggirnar og til margvíslegra afmarkaðra verkefna á þeirra vegum.

Á fyrsta áratug aldarinnar voru opnuð mörg slík sögusetur og sýningar hér á landi, oft á grundvelli greiningarvinnu um sögulega eða atvinnutengda sérstöðu svæða eða sérstöðu þeirra varðandi náttúrufar. Þetta gerðist samhliða því að ferðaþjónusta eflist á landsbyggðinni og fór að skipta meira máli í atvinnulífinu en áður. Þorp og héruð reyndu þá að greina sérstöðu sína og byggja síðan á henni með það að markmiði að búa til nýja áfangastaði eða efla þá sem fyrir voru, með uppbyggingu á vandaðri menningar- eða náttúrutengdri ferðaþjónustu. Markmiðin voru ólík, stundum var um byggðaþróunarverkefni að ræða sem snérist um atvinnusköpun og ferðaþjónustu, stundum var verið að finna leiðir til að nýta húsnæði sem hafði að einhverju leyti tapað tilgangi sínum og hlutverki, t.d. þar sem safnatengd starfsemi hefur verið byggð upp í félagsheimilum í sameinuðum sveitarfélögum.

Í sumum tilvikum er líka alveg frá upphafi eða síðar í ferlinu litið þannig á að starfsemin sé mikilvæg fyrir héraðið eða sveitarfélagið sem verkefnið er staðsett og starfrækt í. Það fær þá oft árlegan rekstrarstuðning úr sveitarsjóði, vegna þeirrar stöðu og á grundvelli sérstakra samninga þar um. Ástæður á bak við slíkan stuðning geta t.d. byggst á aðdráttarafli verkefnisins, svæðisbundinni sérstöðu hvað varðar viðfangsefni, umfjöllun eða miðlun, eða gildi verkefnanna fyrir eflingu atvinnulífs og ferðaþjónustu eða fyrir minjavörslu, mannlíf og menningarstarf. Gildi fyrir ímynd svæða og sjálfsmynd íbúa hefur líka áhrif. Stundum fléttast ólíkar röksemdir af þessu tagi saman, ávinningurinn þykir margþættur og sátt ríkir um stuðning sveitarfélaga við verkefnið.

Margvísleg rök geta þannig legið á bak við að styðja við slíka nýsköpun og uppbyggingu, en um leið er mikilvægt að kalla eftir traustum grundvelli til lengri tíma, auk þess sem mikilvægt er að sveitarstjórnir og safnafólk leggi sitt af mörkum við að leiðbeina og aðstoða til að fagmennskan verði sem mest.

Vesturfarasetrið á Hofsósi hefur ákveðna sérstöðu í þessu ferli, það var fyrsta öflugra setrið á landsbyggðinni, sett á laggirnar fyrir aldamót, opnað 1996, og var frá upphafi og er enn í fremstu röð á landsmælikvarða varðandi alla starfsemi. Fleiri setur hafa fylgt í kjölfarið og á vegum Selasetursins á Hvammstanga er til dæmis umfangsmikil starfsemi og tengingar við rannsóknastofnanir.

Í landshlutanum eru líka í umræðunni hugmyndir um frekari uppbyggingu. Á Þingeyrum var árið 2006 reist þjónustuhús og safnaðarheimili við hliðina á kirkjunni tignarlegu. Þar er uppi sögusýning í salnum. Þarna er fagurt útsýni og góð tækifæri til miðlunar, t.d. um rannsóknir á klaustrinu á Þingeyrum og ýmis sögutengd viðfangsefni á svæðinu. Hugmyndir um uppbyggingu á Þingeyrum eru nokkuð stórhuga og snúast um fyrirætlanir um frekari uppbyggingu í áföngum og að staðurinn verði viðkomu- og áfangastaður fyrir ferðafólk. Einnig hafa verið í umræðu í Húnavatnshreppi hugmyndir um Agnesarstofu í tengslum við söguna um síðustu aftöku á Íslandi. Annar slíkur sýningarstaður í landshlutanum er Auðunarstofa á Hólum í Hjaltadal, allnákvæm endurgerð stofunnar fornu sem reist var snemma á 14. öld á Hólum og stóð þar í tæp 500 ár. Auðunarstofa var endurgerð í samvinnu við Norðmenn og opnuð 2002. Rétt er að nefna að í Blönduvirkjun hafa líka stundum verið uppi lista- og sögutengdar sýningar.

Margir fleiri staðir hafa aðráttarafl vegna sögulegs gildis og sums staðar hafa þeir verið gerðir aðgengilegri með stígum og merkingum. Nefna mætti sérstaklega hús sem tilheyra húsasafni Þjóðminjasafns Íslands. Á Norðurlandi vestra eru fjölbreytt mannvirki sem tilheyra húsasafninu, langflest í Skagafirði. Á Hvammstanga er Kirkjuhvammskirkja og í Skagafirði eru Pakkhúsið á Hofsósi sem er nýtt til sýninga, Grafarkirkja á Höfðaströnd, Nýibær á Hólum í Hjaltadal (opinn, Stóru-Akrar, Víðimýrarkirkja, Glaumbær í Skagafirði, bæjardyrhús á Reynistað og Sjávarborgarkirkja. Flestar þessar byggingar er hægt að skoða að utan og innan, nema Kirkjuhvammskirkja og Grafarkirkja eru lokaðar almenningi.

Dæmi eru líka um að setur sem stofnað hefur verið til á síðustu áratugum séu hætt starfsemi, þar sem ekki reyndist rekstrargrundvöllur fyrir þeim í samræmi við væntingar í upphafi. Það á við um tvö setur á Norðurlandi vestra, annars vegar Hafíssetrið sem var opnað 2006 og var rekið til 2015 í Hillebrandtshúsi á Blönduósi og hins vegar Laxasetur Íslands sem einnig var starfrækt um tíma á Blönduósi, á árabílinu 2012-2015. Blönduósbær var eigandi Hafíssetursins og setti það á laggirnar í samvinnu við Þór Jakobsson veðurfræðing, en Laxasetrið var einkahlutafélag sem 21 aðili stofnaði árið 2011. Ekki eru líkur á að þessi setur verði endurreist. Í þessu samhengi má einnig nefna Eyvindarstofu á Blönduósi sem staðsett er á efri hæð veitingastaðarins B&S Restaurant. Þar hefur salur verið innréttaður í anda híbýla útilegumanna á Hveravöllum. Rammi um sýningu er enn uppi, en ekki er þó um að ræða fullgerða sýningu um Fjalla-Eyvind og Höllu. Eins má nefna að sýningar á vegum Byggðasafns Skagfirðinga á smiðju og verkstæðum sem voru opnar á Sauðárkróki hafa verið teknar niður á síðustu árum.

Grundvallarmunur er á starfsemi sýninga og safna, þar sem fyrrnefndu aðilarnir eru miklu frekar í hlutverki ferðaþjónustuaðila, en minjavarslan er í fyrsta sæti hjá söfnunum; forvarsla, skráning og varðveisla til framtíðar. Mikilvægir þættir í þessari starfsemi safnanna fara þannig í raun fram á bak við tjöldin. Setrin eru stundum þarna mitt á milli, hafa stundum hlutverk við minjavörslu, rannsóknir og fræðistörf, en oftast er hlutverk þeirra í ferðaþjónustunni lykilþáttur í starfi þeirra

og sértekjur þeirra af ferðafólki mikilvægar fyrir reksturinn. Ólíkar forsendur búa á bak við þessi ólíku hlutverk, sem sveitarstjórnarfólk og stjórnir safna, setra og sýninga þurfa að skilja.

Á fyrsta áratug aldarinnar var lykilatriði við uppbyggingu kostnaðarsamra menningarverkefna og menningartengdrar ferðaþjónustu að fá styrk af fjárlögum. Þetta gekk stundum með ágætum, en í kringum fjármálahrunið lokaðist þessi leið og um svipað leyti varð líka erfiðara að fá beina samninga við ráðuneyti um uppbyggingu og rekstur einstakra setra og sýninga. Þá var orðin ríkjandi stefna í ráðuneytum að fækka samningum við einstaka aðila og efla frekar sjóði á landsvísu. Vaxtarsamningar og Menningarráð voru sett á laggirnar til að deila út fjármagni í hverjum landshluta fyrir sig og áratug síðar hafa Sóknaráætlanir og Uppbyggingarsjóðir sem starfa innan Sóknaráætlana leyst þá af hólmi.

Allar þessar breytingar, sem gerðar voru til að auka fagmennsku við úthlutun úr sjóðum, urðu til þess að heildartalan á framlögum til einstakra sögutengdra verkefna, setra og sýninga á landsbyggðinni hefur lækkað. Í hinum dreifðari byggðum er nú erfiðara en áður, að fá framlög frá ríkisvaldinu til að koma með myndarbrag á laggirnar öflugum sögu- og náttúrutengdum setrum sem byggja á sérstöðu svæðanna og hafa að markmiði að efla atvinnulíf og byggð.

Hér er gefið yfirlit um úthlutanir til safna, setra og sýninga, sem fjallað er sérstaklega um í þessari skýrslu, úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra á árunum 2019-2021. Rétt er að benda á að reglur sjóðsins gera verkefnum í eigu opinberra aðila, eins og t.d. söfnum sem sveitarfélög eiga, erfitt fyrir með að fá rekstrarstuðning. Setrin og sýningarnar eiga meiri möguleika. Ef ráðast ætti í stórt samstarfsverkefni safna í landshlutanum, eins og gerð er tillaga um síðar í þessari skýrslu, ætti því e.t.v. frekar að líta til þess að koma því á laggirnar sem áhersluverkefni á vegum Sóknaráætlunar, en að það sæki stuðning í Uppbyggingarsjóð. Í samtölum komu fram ábendingar um að gott væri ef Uppbyggingarsjóður gæti styrkt rekstur setranna til fleiri ára en eins í senn, sem hér með er komið á framfæri og tekið undir.

Framlög úr Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra til safna, setra og sýninga 2019-21

	Uppb.sj. 2019	Uppb.sj. 2020	Uppb.sj. 2021
Verslunarminjasafnið/Bardúsa	400	400	500
Selasetrið	2100	4038	2000
Spákonuhofið á Skagaströnd	2100	2200	2200
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga	100	0	350
Lundinn og vinir hans á Sauðárkróki	600	0	0
Búvélasafnið Lindarbæ	400	500	600
Kakalaskáli	2000	2200	2200
Samgönguminjasafnið í Stóragerði	2100	2200	2200
Sögusetur íslenska hestsins	1900	1500	2000
Vesturfarasetrið	1000	0	0

Safnastarf á Norðurlandi vestra

Norðurland vestra, landsvæðið sem hér er til umfjöllunar, er ríkt af sögu og menningu. Sömuleiðis er þar að finna fjöldann allan af söfnum og margvísleg safnatengd og menningartengd starfsemi fer fram á svæðinu.

Hér verður fjallað um þessa starfsemi í þremur flokkum: Fyrst viðurkenndu söfnin þrjú sem öll eru í eigu sveitarfélaga, þá skjalasöfn, listasöfn og bókasöfn, loks aðra safnatengda starfsemi, söfn, setur og sýningar, ásamt menningartengdri ferðaþjónustu þar sem aðgangur er seldur að sýningum.

Misjafnt er við hvaða lagaramma og reglur þessir flokkar styðjast, eins og fram hefur komið hér að framan. Nú er ætlunin að gefa yfirlit um þá starfsemi er í gangi á svæðinu og ræða stuttlega um helstu áskoranir sem einstök söfn standa frammi fyrir.

Svæðisskipting og skipulag safnastarfs

Í Skagafirði eru Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur, með 4294 íbúa samtals. Þessi sveitarfélög hófu nýlega að ræða hugsanlega sameiningu. Þau standa nú þegar saman að rekstri safnanna í Skagafirði, þannig að sameining sveitarfélaganna myndi ekki hafa mikil áhrif á safnamálin. Helst myndi slík sameining kalla á einhverja vinnu og stefnumótun um frágang og skipulag bókasafna, hugsanlega í samhengi við þróun á einhvers konar samfélagsmiðstöðvum í minni þéttbýlisstöðunum.

Öflugt safnastarf einkennir Skagafjörð og á það í senn við um byggðasafn, skjalasafn og bókasafn. Einnig eru sögutengd setur sem eru sjálfseignarstofnanir og safnatengd verkefni á vegum einstaklinga og félaga. Til viðbótar eru í gangi spennandi nýsköpunarverkefni á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu, bæði stór og lítil.

Í Austur-Húnavatnssýslu eru fjögur sveitarfélög, misjafnlega umfangsmikil og mannmörg. Samtals bjuggu 1549 manns á svæðinu 1. janúar 2021. Þar hefur verið í gangi umræða um sameiningu sveitarfélaga og var kosið um tillögu um sameiningu þeirra allra í eitt núna í sumarbyrjun, þann 5. júní síðastliðinn. Sameiningu var hafnað í Skagabyggð og á Skagaströnd, en samþykkt í Blönduósbæ og Húnavatnshreppi. Þetta þýðir að ekkert verður af sameiningu sveitarfélaganna í bili, þótt vera kunni að kosið verði aftur um sameiningu síðastnefndu sveitarfélaganna tveggja. Sameining sveitarfélaga er augljóslega einn af þeim tímáttakum þar sem eðlilegt er að taka alla safnastarfsemi á vegum þeirra til endurskoðunar og samræmingar, rétt eins og gildir um aðra málaflokka í nýju sveitarfélagi.

Í Austur-Húnavatnssýslu hefur verið starfrækt *Byggðasamlag um atvinnu og menningarmál* á vegum sveitarfélaganna fjögurra. Þetta samlag hefur m.a. haft umsjón með málefnum safnanna sem sveitarfélögin standa öll saman að, sem eru Heimilisíðnaðarsafnið og Héraðsskjalasafnið á Blönduósi. Einnig er þátttakan í Byggðasafninu á Reykjum í Hrótafirði með sveitarfélögunum á

Ströndum og Húnaþingi vestra á borði Byggðasamlagsins. Þótt sameining sveitarfélaganna hafi ekki verið samþykkt, er eftir sem áður vinna framundan við að yfirfara þetta samstarf sveitarfélaganna, því ýmist stendur til að endurskoða samþykktir byggðasamlaga á þessu svæði eða leggja þau niður og þá verða verkefnin væntanlega færð í beina samninga milli sveitarfélaga um hvert og eitt þeirra. Samningi um Byggðasamlagið um atvinnu og menningarmál í Austur-Húnavatnssýslu hefur verið sagt upp. Að ganga frá málum í kjölfar þess er tveggja ára ferli, sem nær því fram yfir næstu sveitarstjórnarkosningar vorið 2022. Á þeim tíma þarf að reyna að ná fram eins vandaðri og góðri umræðu og kostur er, til að vönduð lending náist um fyrirkomulag til framtíðar, safnastarfinu til heilla.

Sveitarfélagið Húnaþing vestra nær yfir allt svæðið sem áður var kallað Vestur-Húnavatnssýsla og að auki Bæjarhrepp við vestanverðan Hrútafjörð sem forðum taldist til Strandasýslu. Íbúafjöldi var 1220 þann 1. janúar 2021. Sveitarfélagið er með aðeins öðruvísi módel í sinni aðkomu að söfnum í eigu sveitarfélagsins, Húnaþing vestra er með forstöðumann á safnasviði, sem er í senn í forstöðu fyrir skjala- og bókasafnið og einnig Byggðasafnið á Reykjum. Byggðasafnið er sameign fleiri sveitarfélaga, en Húnaþing vestra er leiðandi sveitarfélag í rekstri þess. Svipuð þróun hefur orðið á fleiri stöðum á landinu, t.d. er nýverið búið að breyta fyrirkomulagi í rekstri safna í Dalvíkurbyggð í þessa átt.

Þau söfn og sú safnatengda starfsemi og menningartengda ferðaþjónusta sem gefið er yfirlit um hér í þessari skýrslu skiptast þannig niður á svæðið:

Skagafjörður:

Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ (viðurkennt safn, í eigu sveitarfélaganna)

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki (í eigu sveitarfélaganna)

Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki (einnig útibú, skóla- og almenningsbókasöfn í Varmahlíð og á Hofsósi (bókasafnið Eining), í eigu sveitarfélaganna)

Bókasöfn og lestrarfélög í Akrahreppi (í eigu sveitarfélagsins)

Listasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki (í eigu sveitarfélaganna)

Búvélasafnið Lindarbæ (félagasamtök)

Samgönguminjasafn Skagafjarðar, Stóragerði (félagasamtök)

Puffin & friends 360° (sýning í eigu einkahlutafélags, Digital horse ehf)

1238 – Baráttan um Ísland, Sauðárkróki (sýning í eigu einkahlutafélags, Sýndarveruleiki ehf)

Kakalaskáli í Kringlumýri (einkahlutafélag)

Sögusetur íslenska hestsins, Hólum í Hjaltadal (sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá)

Vesturfarasetrið (sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri)

Austur Húnavatnssýsla:

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi (viðurkennt safn, sjálfseignarstofnun með þátttöku sveitarfélaganna í Austur-Húnavatnssýslu í gegnum Byggðasamlag um atvinnu og menningarmál)

Héraðsbókasafn á Blönduósi (samstarf Blönduósbæjar og Húnavallahrepps)

Héraðsskjalasafn á Blönduósi (í eigu sveitarfélaganna fjögurra, Byggðasamlag atvinnu og menningar hefur haft umsjón með)
Bókasafnið á Skagaströnd (í eigu sveitarfélagsins)
Bókasafn Halldórs Bjarnasonar hjá Rannsóknasetri HÍ á Skagaströnd (í eigu Háskóla Íslands)
Ljósmyndasafn Skagastrandar (í eigu sveitarfélagsins)
Spákonuhofið á Skagaströnd (félagasamtök)
Árnes á Skagaströnd (safnahús í eigu sveitarfélagsins)

Húnaþing vestra:

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykjum í Hrútafirði (viðurkennt minjasafn, í eigu allra sveitarfélaganna átta, á Ströndum og í Húnavatnssýslum)
Héraðsskjalasafn V-Húnavetninga, Hvammstanga (í eigu sveitarfélagsins Húnaþings vestra)
Héraðsbókasafn Húnaþings vestra, Hvammstanga (í eigu sveitarfélagsins Húnaþings vestra)
Selasetur Íslands, Hvammstanga (einkahlutafélag)
Verzlunarmínjasafn, Hvammstanga (sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá)

Viðurkennd minjasöfn í landshlutanum

Byggðasafn Skagfirðinga

Byggðasafn Skagfirðinga er gamalgróið safn, stofnað 1948 eftir allnokkurn aðdraganda. Sýslunefnd og síðar héraðsnefnd stóðu á bak við reksturinn og nú er Byggðasafnið eign sveitarfélaganna í Skagafirði, Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Starfsemi safnsins er öflug. Safnið hefur lengi verið í fararbroddi hvað varðar starfsemi byggðasafna hér á landi og unnið eftir vandaðri safnastefnu um helstu atriði starfsseminnar; varðveislu, söfnun, skráningu og miðlun.

Í gegnum tíðina hefur safnið átt í samstarfi við fjölmarga aðila í héraðinu, svo sem Áskaffi, Vesturfarasetrið, Sögusetur íslenska hestsins, eigenda Tyrfingsstaða á Kjálka, félagið Sturlungaslóð, Tréiðnadeild FNV og Ferðamáladeild Háskólans á Hólum. Safnið hefur staðið á bak við Fornverkaskólann í samvinnu við fleiri aðila, en hann er fyrirmyndarverkefni sem snýst um að varðveita handverk og menningararf liðinna alda með þátttöku og kennslu vinnubragða og aðferða. Sérstök fornleifadeild er eining rekin hjá safninu og það stendur fyrir útgáfu á smáritum, rannsóknaritum og skýrslum. Safnið hefur einnig tekið þátt í samstarfi í tengslum við hina veglegu útgáfu á Byggðasögu Skagfirðinga.

Byggðasafn Skagfirðinga er og hefur lengi verið óvenjulega öflugt safn hvað varðar innra starf og hefur hlotið viðurkenningu fyrir. Þar ber hæst að árið 2016 fékk safnið íslensku safnaverðlaunin.

Safnið á í góðu samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands og í gildi hefur verið samstarfssamningur milli þessara aðila um varðveislu og viðhald gamla bæjarins í Glaumbæ. Auk þess hefur safnið átt í góðu samstarfi við aðrar stofnanir í héraði, sem sést til dæmis í nýlegri hönnun á sameiginlegu útliti á lógói Byggðasafnsins, Héraðsskjalasafnsins, Héraðsbókasafnsins og

Listasafnsins í Skagafirði, auk þess sem þau hafa unnið að gerð sameiginlegs útlits á heimasíðu sem ætlað er að tengja þessi fjögur söfn saman.

Byggðasafn Skagfirðinga hefur að mörgu leyti verið leiðandi í faglegu starfi byggðasafna á landsvísu í gegnum árin, auk þess sem sýningar safnsins í Glaumbæ trekkja að gesti í tugþúsundatali á sumrin. Miðað við þá stöðu sem safnið hefur áunnið sér með faglegu starfi í gegnum tíðina væri eðlilegt næsta skref að það yrði gert að ábyrgðarsafni fyrir landsfjórðunginn, með réttindum og skyldum sem því fylgja samkvæmt safnalögum, að ógleymsdu því fjármagni sem nauðsynlega þarf að fylgja slíkri ábyrgð. Þetta hefur verið í umræðunni, en engin ábyrgðarsöfn hafa enn verið staðfest á landsvísu.

Geymslumál safnsins hafa verið í deiglu og ósætti varð um þau við breytingar fyrir fáum misserum. Hugmyndir eru nú uppi um samstarf ríkis og sveitarfélags um heilmikla viðbyggingu við Safnahúsið á Sauðárkróki, þar sem héraðsskjala- og héraðsbókasafnið eru til húsa. Þar er gert ráð fyrir heilmiklum geymslum fyrir söfnin í takt við kröfur sem gerðar eru til slíkra og einnig að þar verði aðstaða fyrir frekari starfsemi safnanna, eins konar safnamiðstöð í héraðinu.

Safnstjóri er Berglind Þorsteinsdóttir fornleifa- og menningarfræðingur og safnið notar vefsíðuna www.glaumbaer.is.

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi er með skýr markmið um söfnun, varðveislu og skráningu. Sérstaða þess er mikil á landsvísu og safnið er á margan hátt stórmerkilegt. Það rekur uppruna sinn til ársins 1976, þegar haldið var upp á 100 ára afmæli Blönduósbæjar sem verslunarstaðar. Það voru konur innan raða Sambands austur-húnvetnskra kvenfélagskvenna sem drógu vagninn við að stofna safnið. Var það meðal annars vegna þess að áður hafði verið ákveðið að stofna sameiginlegt byggðasafn fyrir Húnavatns- og Strandasýslur á Reykjum í Hrítafirði, en sú framkvæmd hugnaðist ekki öllum kvenfélagskonum.

Heimilisiðnaðarsafnið fékk því inni í húsi sem hafði verið byggt sem fjós og hlaða hjá gamla Kvennaskólanum á Blönduósi og hefur starfsemin í gegnum tíðina vaxið og dafnað. Árið 1993 var stofnuð sjálfseignarstofnun um safnið sem tók við rekstrinum af félagasamtökunum sem komu því á laggirnar. Ný sérhönnuð bygging fyrir safnið var byggð við gamla safnið og opnuð árið 2003.

Safnið er með minni viðurkenndum söfnum á landinu, hvað varðar veltu og fjármagn sem er til ráðstöfunar til rekstursins, en starfsemi þess er hins vegar bæði viðamikil og mjög frambærileg á landsvísu. Þar er hugað að fræðslu, kennslu og rannsóknum, auk þess sem tekið er á móti og unnið með rannsakendum á þessu sviði. Árið 2010 var safnið tilnefnt til íslensku safnaverðlaunanna.

Heimilisiðnaðarsafnið er duglegt að fá til sín fræðifólk sem hefur haldið þar erindi og fyrirlestra, einnig hefur verið samstarf um sérsýningar sem eru unnar t.d. með Hönnunarsafni Íslands og Gljúfrasteini. Auk þess hafa textílhönnuðir og listafólk sett upp nýjar sérsýningar árlega á

Heimilisiðnaðarsafninu, síðan starfsemin færðist í nýja húsnæðið árið 2003. Eins hefur verið margvíslegt samstarf við byggðasöfnin í landshlutanum, m.a. sett upp vefsýning sem er aðgengileg í Sarpnum (sarpur.is), skráningarkerfi safnanna.

Í næsta húsið við safnið er gamli kvennaskólinn þar sem Textílmíðstöð Íslands er staðsett. Í gegnum tíðina hafa þessir aðilar tekið höndum saman um nokkur verkefni. Nálægðin er mikill styrkur fyrir báða aðila og enn frekara samstarf í einni eða annarri mynd hlýtur að vera til bóta og styðja þá ímynd Blönduósbæjar að þar sé miðstöð textílsins á landsvísu.

Heimilisiðnaðarsafnið hefur dálítið geymslurými, en það er nú þegar næstum allt fullt og full þörf á sérhæfðu rými fyrir frekari aðföng.

Forstöðumaður Heimilisiðnaðarsafnsins og jafnframt formaður stjórnar þess er Elín S. Sigurðardóttir. Vefsíða þess er á slóðinni www.textile.is.

Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna

Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna á Reykjatanga við Hrutafjörð byggir á samvinnu þriggja sýslna. Safnið var formlega stofnað og tók til starfa árið 1967. Á bak við það standa núna Húnaþing vestra, Byggðasamlag um atvinnu og menningarmál í Austur-Húnavatnssýslu (sem fjögur sveitarfélög standa á bak við) og sveitarfélögin Strandabyggð, Árneshreppur og Kaldrananeshreppur á Ströndum. Áður voru það sýslunefndirnar þrjár og síðan héraðsnefndirnar sem voru samstarfsaðilar um safnið, á meðan þær störfuðu.⁹

Safnið á mikið af góðum gripum, en meðal annars eru varðveitt og sýnd á safninu stofa frá Svínavatni og baðstofa frá Syðsta-Hvammi. Einnig hákarlaskipið Ófeigur úr Ófeigsfirði á Ströndum, tíróinn áttæringur, sem smíðaður var á 19. öldinni og gerður út á hákarlaveiðar. Auk hefðbundinnar byggðasafnssýningar er á safninu sérstök sýning um hákarlaveiðar við Húnaflóa og ýmsar tímabundnar sérsýningar hafa einnig verið settar upp á safninu. Áhersla safnsins er á sýningu og miðlun efnis, auk þess að taka á móti nærri 3 þúsund skólabörnum yfir vetrartímann í samstarfi við Skólabúðirnar á Reykjum.

Í gangi hafa verið framkvæmdir við húsnæðið síðustu misseri, m.a. Hefur verið skipt um glugga í sýningarhúsinu og nú í vor var verið að klæða Ófeigsskála. Heimasíða Byggðasafnsins er dálítið takmörkuð og þar mætti gjarnan bæta við meiri upplýsingum um starfsemina, sýningar og samstarfsverkefni innan og utan héraðs, en viðurkenndu söfnin í landshlutanum vinna talsvert saman. Safnið er með Facebook-síðu og þar er greinilega í gangi áttak um miðlun núna í sumarbyrjun 2021, þar birtast ýmsar upplýsingar um safnið og sögu og sérstöðu á Húnaflóasvæðinu.

Helsta áskorun sem safnið á Reykjum stendur frammi fyrir er að eigendur safnsins þurfa að ræða alvarlega saman um þessa sameign sína og aðkomu sveitarfélaganna að rekstrinum. Það

⁹ Nánar um tilurð safnsins í óprentaðri MA ritgerð í safnafræði, *Lengi býr að fyrstu gerð: Stofnun Byggðasafns Húnvetninga og Stranda og áhrif þess á faglegt starf*, eftir Sólveigu Huldu Benjamínsdóttur. Ritgerðin er aðgengileg á Skemman.is.

er ferli sem mun taka dálítinn tíma, en er mikilvægt því það þarf að taka ákvarðanir til lengri tíma um stefnu og fyrirkomulag. Þar þarf að skoða og ræða og komast að niðurstöðu um valkosti eins og að efla safnið og fjölga sýningarstöðum, halda óbreyttu fyrirkomulagi eða jafnvel að draga saman seglin og skoða breytingar á eignarhaldi og kostnaðarþáttöku, eftir því hver vilji sveitarfélaganna er.

Eigendur safnsins eru átta sveitarfélög, öll sveitarfélögin á Ströndum, Húnaþingi vestra og Austur-Húnavatnssýslu. Framan af var sérstök stjórn yfir safninu, en fyrir tæpum áratug tók Húnaþing vestra við sem leiðandi sveitarfélag í samstarfinu og tók þá alfarið við rekstrinum, en safnið fær framlög frá öllum eigendum. Í sumum byggðarlögum á starfssvæðinu skortir dálítið upp á tilfinningu fólks fyrir eignarhaldinu og sumir fulltrúar í sveitarstjórnnum hafa ekki fullan skilning á sögulegum bakgrunni þessa fyrirkomulags og telja rétt að breyta því. Nauðsynlegt er að ræða þau mál til hlítar. Vel mætti hugsa sér að stofna félagsskap vildarvina safnsins sem vildu styðja það með ráðum og dáð og tala máli þess, því safnið á einnig öflugt stuðningsfólk.

Forstöðukona safna í Húnaþingi vestra er Sólveig Hulda Benjamínsdóttir safnafræðingur, en hún er einnig í forstöðu fyrir héraðsskjala- og héraðsbókasafnið á Hvammstanga, auk Byggðasafnsins. Hún er nú í fæðingarorlofi og Gunnar Rögnvaldsson gegnir starfinu tímabundið. Deildarstjóri á Reykjum er Benjamín Kristinsson. Vefur safnsins er á slóðinni www.reykjasafn.is.

Skjala-, lista- og bókasöfn

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga hefur verið starfrækt frá árinu 1947 og var það hið fyrsta sinnar tegundar eftir lagasetningu um slík söfn sem tók gildi á sama ári. Lagasetningin byggði raunar ekki hvað síst á hvatningu Skagfirðinga um málið. Safnið er til húsa í Safnahúsinu á Sauðárkróki og nýverið var safnið og geymslur þess teknar í gegn og lagfærðar. Geymslurnar eru þó nú þegar að mestu leyti fullar, auk þess sem eitthvað er í geymslum utan safnahússins.

Héraðsskjalasafnið er í sama húsið og Héraðsbókasafn Skagfirðinga og Listasafn Skagfirðinga, en þessi þrjú söfn, auk Byggðasafns Skagfirðinga, hafa unnið sameiginlega að hönnun á merki fyrir söfnin og samræmdu vefumhverfi. Þannig hefur samvinna þvert á stofnanir og fræðasvið verið mikilvæg og ekki hvað síst í þeim tilgangi að gera starfseminna sýnilegri. Áfram er stefnt að samstarfi og söfnin styðja hvort annað í verkefnum, áherslum og ímynd út á við, án þess þó að vilji sé til í að fara í neinar róttækar breytingar á skipulagi starfseminnar. Héraðsskjalasafnið hefur verið meira áberandi en áður síðustu misseri, m.a. gert hlaðvarpsþætti og miðlað fróðleik á vef og samfélagsmiðlum.

Héraðsskjalasafnið á gríðarmikið ljósmyndasafn og hefur unnið gott starf við að gera það og margvísleg skjöl og gagnasöfn aðgengileg á rafrænu formi og á vefnum og hefur fengið stuðning til slíkra verkefna.

Héraðsskjalavörður er Sólborg Una Pálsdóttir sagnfræðingur. Vefur safnsins er á slóðinni <https://heradsskjalasafn.skagafjordur.is/>.

Héraðsbókasafn Skagfirðinga

Héraðsbókasafn Skagfirðinga stendur á gömlum merg og hefur verið til húsa í Safnahúsinu á Sauðárkróki frá 1970. Þar er safnið nú nýverið komið í nýtt og opið rými og með færanlegum bókaþekkingum þannig að auðvelt er að fá hópa inn á safnið og halda viðburði. Safnið er með virka Facebook-síðu þar sem hægt er að fylgjast með starfinu, framboði nýrra bóka o.s.frv.

Bókasafnið er í góðu samstarfi við Héraðsskjalasafnið, meðal annars varðandi hönnun sameiginlegs merkis eins og áður hefur verið nefnt. Gott samstarf er einnig við önnur bókasöfn í héraðinu, sem eru fyrst og fremst skólabókasöfn. Bækur eru lánaðar á milli safna og samstarf um innkaup ef svo ber undir. Auk þess er safnið í samstarfi og samtali við önnur bókasöfn utan héraðs. Nemendur Háskólans á Hólum nýta aðstöðuna, auk nemendur annarra skóla á svæðinu.

Síðastliðinn vetur var útibúi safnsins á Steinsstöðum lokað og sameinað starfsstöðinni í Varmahlíð, en bæði þar og í Hofsi eru starfsstöðvar sem eru í senn skólabókasöfn og gegna hlutverki sem almenningsbókasöfn. Á Sauðárkróki eru einnig skólabókasöfn, bæði við Árskóla og Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra.

Þórdís Friðbjörnsdóttir er forstöðumaður Héraðsbókasafns Skagfirðinga. Vefsíða safnsins er á slóðinni <https://heradsbokasafn.skagafjordur.is/>.

Bókasöfn og lestrarfélög í Akrahreppi

Flest bókasöfn landsins byggjast á bókaþekkingu lestrarfélaga sem áður störfuðu innan vébanda kirkjusókna. Í Akrahreppi í Skagafirði hafa lestrarfélögin, öll nema eitt, sameinast í bókasafn sem er hýst í félagsheimilinu Héðinsminni og eru þar lánaðar út bækur. Sóknarbörn í Silfrastaðasókn halda enn úti sínu lestrarfélagi og eru bækur þess í Flatatungu.

Listasafn Skagfirðinga

Listasafn Skagfirðinga er í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps og er staðsett með hinum söfnunum í Safnahúsinu á Sauðárkróki. Það var Sparisjóður Sauðárkróks sem lagði grundvöll að stofnun safnsins með peningagjöf árið 1968. Á áttunda og níunda áratug síðustu aldar stóð safnið fyrir líflegri sýningastarfsemi í sýningarsal Safnahússins. Safnið fær framlög fyrir útleigu á listaverkum þess og unnið er að því að hlúa að safninu, með því að einblína á forvörslu, viðhald og koma upp viðeigandi geymslu.

Safnið inniheldur töluvert magn listaverka sem annað hvort hafa verið gefin safninu eða þau keypt og helmingur safnkostsins er í geymslu Safnahússins og annað eins í útleigu vítt og breytt. Safnið hefur allt verið skráð og myndað. Hér er á ferðinni afar myndarlegt safn sem hefur

ýmis tækifæri til enn frekari miðlunar og starfsemi. Safnið er með í áður nefndu samstarfi skagfirsku safnanna um hönnun á merki fyrir söfnin.

Héraðsskjalasafnið hefur umsjón með Listasafni Skagfirðinga.

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga

Héraðsskjalasafn Austur-Húnavetninga var stofnað árið 1966 og er staðsett á Blönduósi. Umdæmi þess eru Blönduósbær, Skagabyggð, Húnavatnshreppur og Sveitarfélagið Skagaströnd. Héraðsskjalasafnið heyrir undir stjórn Byggðasamlags atvinnu- og menningarmála í Austur-Húnavatnssýslu. Safnið er í húsi sem áður hýsti trésmíðaverkstæði og saumastofu, en var gert upp og hefur haldið utan um safnið síðan árið 2002. Í sama húsi er Héraðsbókasafn Austur-Húnavetninga starfrækt. Viðbótar geymslupláss er af skornum skammti.

Á safninu eru, auk skjalagagna sem safnað hefur verið, ýmis konar fleiri gögn og gripir sem fólk hefur gefið Héraðsskjalasafninu. Sumir þeirra ættu frekar heima á minjasafni, en á heimasíðu skjalasafnsins er sagt að þeir séu ætlaðir væntanlegu muna og minjasafni sem stofnað verði með tíð og tíma. Á safninu er líka mikill fjöldi málverka. Það viðamikla safn er ekki skilgreint sem sérstakt listasafn, en vissulega væri gaman að gera listina aðgengilega með einhverjum hætti.

Ljósmyndir eru einnig mikilvægur safnkostur og hefur allt ljósmyndasafnið verið grunnskráð. Einnig er búið að skanna um 13 þúsund myndir af ljósmyndasafninu og unnið er að því að gera það aðgengilegt á vefnum. Sérstök Facebook síða er fyrir ljósmyndadeildina sem nefnist Blönduós- Ljósmyndasafn A-Húnavatnssýsla. Möguleikar á samstarfi við önnur söfn og menningarstofnanir eru miklir og einnig aðra aðila, svo sem við útgáfuverkefni, sýningahald og miðlun, ekki hvað síst á ljósmyndum, enda er mikið magn mynda komið á stafrænt form.

Héraðsskjalavörður er Svala Runólfsdóttir og vefsíða safnsins er www.skjalhun.is. Ljósmyndir og fleiri gögn eru einnig aðgengileg á vefsíðunni <http://atom.blonduos.is/>.

Héraðsbókasafn Austur-Húnavetninga

Héraðsbókasafnið er til húsa í sömu byggingu og Héraðsskjalasafnið á Blönduósi og samstarf er að einhverju leyti um starfsmannahald. Eigendur bókasafnsins eru Blönduósbær og Húnavatnshreppur, en Byggðasamlag atvinnu og menningarlífs í Austur-Húnavatnssýslu á hins vegar húsið sem safnið er í.

Safnkosturinn er ríkulegur og góð þjónusta í boði fyrir korthafa hjá bókasafninu. Safnið er með síðu á Facebook sem er virk og hvetjandi fyrir bókaunnendur. Þar eru fjölmargar upplýsingar og m.a. boðið upp á upplestra úr nýjum bókum á netinu í beinu eða óbeinu streymi.

Ljóst er að samspil Héraðsbókasafnsins og Héraðsskjalasafnsins er mikið, enda undir sama þaki, og án efa mörg tækifæri til að sækja fram í samstarfi og samvinnu við fleiri aðila.

Forstöðumaður Héraðsbókasafnsins er Katharina Schneider. Síðu um safnið er að finna á vef Blönduósbæjar, <https://www.blonduos.is/is/baerinn/menning-og-sofn/heradsbokasafn-a-hun>.

Bókasafn Skagastrandar

Bókasafn Skagastrandar er rekið af sveitarfélaginu Skagaströnd og þjónustusamningur er við Skagabyggð um reksturinn. Það hefur frá árinu 1969 verið staðsett í kjallaranum í félagsheimilinu Fellsborg. Safnið er með Facebook síðu sem hefur verið virk og vel nýtt. Nýjar bækur eru auglýstar með reglulegum hætti, minnt á bókakynningar í fjölmiðlum o.s.frv. Þannig virðist safnið vera leiðandi í nærsamfélaginu við hvatningu til lesturs og duglegt að minna á sig.

Síða um bókasafnið er á vef Skagastrandar, <https://www.skagastrond.is/is/stofnanir/bokasafn>.

Bókasafn Halldórs Bjarnasonar hjá Rannsóknasetri HÍ á Skagaströnd

Í húsakynnum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra á Skagaströnd er bókasafn sem að stofni til er komið úr dánarbúi Halldórs Bjarnasonar sagnfræðings (1959–2010). Fjölskylda Halldórs færði Háskóla Íslands safn hans að gjöf og var því fundinn staður hjá Rannsóknasetrinu á Skagaströnd. Safnið er rannsóknabókasafn og sérhæft á sviði Íslandssögu. Safnið er skráð á leitir.is undir Rannsóknasetur HÍ, en bókakosturinn er ekki til útláns, heldur aðeins til afnota á staðnum.

Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðingur er forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Norðurlandi vestra.

Ljósmyndasafn Skagastrandar

Ljósmyndasafn Skagastrandar er verkefni á vegum sveitarfélagsins Skagastrandar sem safnar, geymir, miðlar og skráir upplýsingar um myndir frá Skagaströnd og af Skagastrendingum. Myndirnar eru skráðar og miðlað á veglegum myndavef verkefnisins. Þar er jafnframt óskað eftir afritum af gömlum og nýjum myndum og upplýsingum um myndirnar sem þegar eru komnar á vefnum.

Vefur Ljósmyndasafnsins er á slóðinni <https://ljosmyndasafn.skagastrond.is/ps/myndasafn>. Ólafur Bernódusson hefur umsjón með myndasafninu í hlutastarfi fyrir hönd sveitarfélagsins.

Bókasafnið Dalsmynni, Húnavatnshreppi

Safnið á býsna merkilega sögu og hefur starfað óslitið frá 1846. Það byggir á grunni lestrarfélagsins Fjölris. Safnið er rekið í sjálfbóðaliðastarfi og bókasafnið í félagsheimilinu Dalsmynni er opið reglulega yfir veturinn.

Héraðsskjalasafn Vestur Húnavatnssýslu

Héraðsskjalasafn Vestur Húnavetninga er starfrækt við ágætan aðbúnað að Höfðabraut 6 á Hvammstanga og deilir húsnæði með bókasafninu. Þar er aðstaða til að skoða gögn safnsins. Safnið er með sérstaka skráningarsíðu á netinu, þar sem skjöl og myndir eru gerðar

aðgengilegar almenningi. Safnið deilir síðan Facebook-síðu með bókasafninu með titlinum Bóka- og héraðsskjalasafn Húnaþings vestra og þar er sett inn margvíslegt efni og fróðleikur.

Héraðsskjalasafnið á heilmikið ljósmyndasafn og haldnir eru viðburðir til að greina fólk og staði á myndunum, sem er til stakrar fyrirmyndar.

Forstöðumaður safnsins er Sólveig Hulda Benjamínsdóttir safnafræðingur. Hún er í fæðingarorlofi og Gunnar Rögnvaldsson gegnir starfinu tímabundið. Ljósmyndir og fleiri gögn eru aðgengileg á <http://atom.hunathing.is/>. Sameiginleg síða er fyrir bóka- og skjalasafnið á vef Húnaþings vestra, <https://www.hunathing.is/is/thjonusta/sofn-og-menning/boka-og-skjalasafn>.

Héraðsbókasafn Húnaþings vestra

Héraðsbókasafn Húnaþings vestra (sem ber titilinn Héraðsbókasafn V-Húnavatnssýslu í fyrirtækjaskrá) deilir húsnæði með héraðsskjalasafninu að Höfðagötu 6 á Hvammstanga. Bókasafnið og skjalasafnið eru með sameiginlega Facebook-síðu, Bóka- og héraðsskjalasafn Húnaþings vestra, sem er býsna lifandi og öflug. Þar birtast reglulega upplýsingar um ljósmyndir frá svæðinu og bókakostur bókasafnsins er kynntur. Bókasafnið hefur að einhverju leyti fært starfsemi sína á netið og leiðbeinir fólki að sækja sér raf- og hljóðbækur, en safnið er í samvinnu með Landskerfi bókasafna um þess háttar þjónustu.

Forstöðumaður safnsins er Sólveig Hulda Benjamínsdóttir safnafræðingur. Hún er í fæðingarorlofi og Gunnar Rögnvaldsson gegnir starfinu tímabundið. Hér má finna sameiginlega síðu fyrir bóka- og skjalasafnið á vef Húnaþings vestra, en söfnin eru einnig með sameiginlega Facebook-síðu, <https://www.hunathing.is/is/thjonusta/sofn-og-menning/boka-og-skjalasafn>.

Önnur safnatengd starfsemi, setur og sýningar

Búminjasafnið Lindabæ

Safnið var sett á laggirnar og opnað formlega árið 2015 að Lindabæ í Sæmundarhlíð í Skagafirði. Safnið er í eigu Sigmars Jóhannssonar sem byrjaði að safna dráttarvélum um 1990, en félagasamtök hafa verið stofnuð utan um reksturinn. Hann sinnir sjálfur safnvörslu á sumrin. Um er að ræða safn utan um tæplega 30 dráttarvélar sem hafa verið gerðar upp, auk annarra muna sem tengjast búskaparháttum fyrri tíma. Veislusalur fyrir 80-100 manns er á staðnum sem hægt er að leigja út fyrir viðburði. Samstarf hefur verið í kringum viðburði, t.d. í Glaumbæ.

Áhugafólk um dráttarvélar og vélbúnað ýmiskonar heimsækir Lindabæ reglulega og ljóst að hér er um að ræða einstakt frumkvöðlastarf Sigmars. Hans starf, þekking og áhugi er þannig þungamiðja safnsins.

Safnið er með síðu á Facebook þar sem sagðar eru fréttir af starfseminni. Einnig er vefsíða með upplýsingum á <https://buminjasafnid.wordpress.com/>. Safnvörður er Sigmar Jóhannsson.

Samgönguminjasafn Skagafjarðar

Samgönguminjasafn Skagafjarðar í Stóragerði hefur verið starfrækt frá 2004 og er rekið af félagasamtökum sem stofnuð voru í kringum það. Í gegnum árin hefur safnið verið stækkað reglulega, m.a. var byggt við það verkstæði og gestamóttakan og sýningarsalurinn stækkaður á árunum 2010-2013. Í dag eru til sýnis innandyra um 100 farartæki af ýmsum stærðum og gerðum. Að auki eru um 250 tæki í ýmsu ásigkomulagi utandyra.

Á staðnum er veislusalur sem er notaður til útleigu, auk þess sem safnið heldur reglulega kaffihlaðborð til að styðja við reksturinn. Safnið vinnur eftir stefnumótun og skilgreindri framtíðarsýn.

Hjónin Gunnar Kr. Þórðarson bifvélavirkjameistari og bílaáhugamaður og Sólveig Jónasdóttir grunnskólakennari stofnuðu safnið, en Gunnar lést árið 2019. Samgönguminjasafnið er með vel virka Facebook síðu með fréttum, fróðleik, myndum og myndböndum. Keypt hefur verið lénið storagerdi.is fyrir vef, en ekki er búið að setja hann upp.

Puffin & friends 360°, Sauðárkróki

Puffin & friends er upplifunarsýning sem hefur verið uppi á Sauðárkróki, hugsuð fyrir ferðafólk en hentar bæði erlendum og íslenskum gestum. Sýningin er hálfgerð fjölskyldufyrirtæki og rekin af Digital horse ehf. Um er að ræða hátækisýningu um íslenska náttúru, ströndina, seli og hvali, en einnig lundann í Grímsey. Margmiðlun, kvikmyndafni í sambland við sýndarveruleika og uppstillingar er að finna á sýningunni. Hún hefur verið lokuð um hríð vegna Covid og breytinga á húsnæðinu, en er nú að opna aftur.

Árni Gunnarsson kvikmyndagerðarmaður og fleiri standa á bak við sýninguna. Hún er með Facebook-síðu, en vefsíða virkar ekki í augnablikinu.

1238 – Baráttan um Ísland / The Battle of Iceland

Hér er á ferðinni stórt ferðaþjónustuverkefni sem byggir á sögu og menningararfi á Sauðárkróki, þar sem fjallað er um Örlygsstaðabardaga sem fram fór á Sturlungaöld árið 1238. Markmiðið er að færa söguna nær gestunum, með hjálp sýndarveruleika, leikmuna og annarrar miðlunar. Fyrir verkefninu fer einkahlutafélagið Sýndarveruleiki ehf. Verkefnið er mjög stórt og viðamiklað og krefst aðkomu fjárfesta, auk þess sem sveitarfélagið hefur stutt myndarlega við uppbygginguna. Í húsnæði sýningarinnar er gjafavörubúð, auk þess sem þar er veitingastaðurinn Grána bistro, sem er vinsæll og vel sóttur. Á sýningunni er einnig rekin upplýsingamiðstöð ferðamála í héraðinu og studd af sveitarfélaginu.

Sýningin byggir í grunninn á öflugum tækjabúnaði og samstarfi við tæknifólk og leikmyndahönnuði. Gerðar hafa verið eftirgerðir af margvíslegum munum frá Sturlungaöld og eru til sýnis í bland við tæknilegar lausnir. Sýningin krefst nokkurs mannafla, en öllum sem taka þátt í bardögum í sýndarveruleikanum er fylgt eftir og hjálpað af stað, en pláss er fyrir 12 þátttakendur í sýndarveruleikanum í einu.

Kostnaður er greinilega umtalsverður við tækjabúnað, forrit og tækniþróun, safnkostinn og reksturinn örugglega nokkuð frekur á vinnuafli. Mikilvægt er fyrir upplifun gesta að búnaðurinn virki hnökralaust, en ferðalag til fortíðar í sýndarveruleikanum er heilmikil upplifun sem gefur innsýn í og hjálpar gestum að skilja Sturlungaöldina.

Framkvæmdastjóri upplifunar- og fræðslumiðstöðvarinnar 1238 er Áskell Heiðar Ásgeirsson. Vefsíða sýningarinnar er á vefnum www.1238.is.

Kakalaskáli

Hér er um að ræða frumkvöðlastarf hjónanna Sigurðar Hansen og Maríu Guðmundsdóttur í Kringlumýri í Skagafirði sem hafa unnið kappsamlega að þessari hugmynd frá árinu 2008, með aðstoð vina og fjölskyldu. Hér er um að ræða sýningu sem fjallar um Sturlungaöld og mannskæðasta bardaga Íslandssögunnar, Haugsnesbardaga árið 1246. Upplifunin er annars vegar Grjótherinn, sem er gríðarlega umfangsmikið útilistaverk og tilgáta Sigurðar á uppstillingu og framvindu bardagans sjálfs, og hins vegar sýningin í Kakalaskála. Þar er um að ræða sögu- og listasýningu tengda átökum á Sturlungaöld og viðburðum hennar, með áherslu á sögu Þórðar kakala.

Kakalaskáli er í húsi sem sinnti áður hlutverki refahúss, við hlið Haugsnesvalla. Þar er veislu- og fundasalur sem hefur verið vettvangur fjölmargra viðburða, málþinga og sögustunda. Á heimasíðu Kakalaskála er fjallað um ýmsa bakhjarla, styrktaraðila og samstarfsaðila sýningarinnar, en m.a. var safnað fyrir uppbyggingunni á Karolina Fund.

Hljóðleiðsögn er um sýninguna í Kakalaskála, lesin af Einari Kárasynti rithöfund, og auk þess á fjölmörgum tungumálum. Sýningin sjálf byggir á góðu samstarfi við 14 listamenn frá 10 þjóðlöndum og varð til með nokkuð óvenjulegum hætti. Auglýst var eftir listafólki til að leggja til verk fyrir sýninguna og alls bárust um 80 umsóknir. Listafólkið sjálft dvaldi síðan á staðnum og vann að verkum sínum í söguumhverfinu sjálfu. Þetta var mikið ævintýri og áhugavert að grunnur sýningarinn byggist á vel heppnuðu samstarfi á milli ábúenda, listafólks og fræðaheimsins. Þarna er samvinnan beggja hagar, samstarfið skapar grunninn fyrir sýninguna og framtakið veitir listafólki tækifæri til að taka þátt í skemmtilegri listasmiðju og gera listsköpun sína sýnilega.

Áhugavert er að Kakalaskáli og sýndarveruleikinn á Sauðárkróki vinna með sama efniviðinn. Þeir aðilar sem standa að baki þessum sýningum hafa verið duglegir við að vísa gestum sínum á hinn, því þótt umfjöllunarefnið og menningararfurinn sé hinn sami er miðlunin og sjónarhornið gjörólík. Þannig styður það hvort annað, sá sem gengur um söguslóðir Sturlungu hefur kannski gaman af því að sjá þær í sýndarveruleika í kjölfarið og öfugt.

Í forsvari fyrir Kakalaskála eru hjónin Sigurður Hansen og María Guðmundsdóttir. Sýningin er með Facebook-síðu og vefurinn er á slóðinni www.kakalaskali.is.

Sögusetur íslenska hestsins

Sögusetur íslenska hestsins hefur verið starfrækt frá árinu 2001 á Hólum í Hjaltadal, en það voru Hestamiðstöð Íslands, Byggðasafn Skagfirðinga og Hólaskóli sem komu setrinu á laggirnar. Árið 2006 var setrið gert að sjálfseignarstofnun með þriggja manna stjórn og voru stofnaðilarnir þá Byggðasafn Skagfirðinga og Hólaskóli.

Markmið setursins er að vera alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um íslenska hestinn, standa fyrir málþingum og fyrirlestrum um hann, efla samstarf milli áhugafólks um íslenska hestinn, auk þess að vera tengiliður og upplýsingamiðill allra þeirra sem vilja kynnast sögu hans.

Setrið opnaði sýningu sína, Íslenski hesturinn, á Hólum árið 2010 í gömlu húsnæði sem upphaflega var byggt sem hesthús, en hefur verið endurgert og lagfært fyrir nýtt hlutverk. Sýningin var sett upp í samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga og Þjóðminjasafnið. Sýning Sögusetursins sem fjallar um íslenska hestinn í gegnum aldirnar á Íslandi, er enn á sínum stað á Hólum. Nýlega var einnig sett inn kynningarmyndband á heimasíðu Sögusetursins þar sem forstöðumaðurinn, Kristinn Hugason, segir frá sýningunni og útskýrir. Á vefsíðunni er einnig að finna margvíslegan fróðleik og greinar.

Að auki hefur setrið sett upp fleiri sögusýningar, m.a. í tengslum við viðburði á borð við Landsmót hestamanna og eru enn aðgengilegar á setrinu og vef þess. Setrið á myndarlegt safn ljósmynda og hefur hluta þeirra verið miðlað á vefnum. Samvinna hefur einnig verið við Héraðsskjalasafn Skagafjarðar sem hefur afritað myndir sem setrið hefur safnað.

Forstöðumaður Söguseturs íslenska hestsins er Kristján Hugason. Vefsíða setursins er aðgengileg á slóðinni <http://www.sogusetur.is/is>.

Vesturfarasetrið á Hofsósi

Vesturfarasetrið stendur á sérstaklega fallegum stað, undir sjávarbökkum og við hafið, í gamla bæjarhlutanum á Hofsósi. Í fyrstu var það fyrirtækið Snorri Þorfinnsson ehf sem stóð að baki fjármögnun á uppbyggingu húsa og sýninga safnsins, en árið 2006 var stofnuð sjálfseignarstofnun í kringum Vesturfarasetrið. Setrið hefur verið með samning við forsætisráðuneytið um árlegt framlag sem tryggir grundvöllinn fyrir rekstri þess frá 1999. Á grunni þess samnings var hafist handa við nýja byggingu sem hýsir sýningarsal, upplýsingasetur um ættfræði, bókasafn, skrifstofu og íbúð fyrir fræðimenn og gesti.

Safnið hefur verið starfrækt allt frá árinu 1995 og á þeim tíma hafa verið settar upp margar sýningar Vesturfarasetursins sem eru hýstar í vel uppgerðum og fallegum gömlum húsum á Hofsósi. Sýningarnar standast vel tímans tönn, þær miðla efninu vel og myndrænt og spennandi sviðsmyndir og uppstillingar brjóta upp fróðleiksmiðlunina. Uppbygging safnsins hefur fléttast saman við lagfæringar á gömlu húsunum í plássinu.

Vesturfarasetrið hefur í gegnum tíðina átt í góðu samstarfi við Byggðasafn Skagfirðinga og margar fleiri stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga. Fyrsta sýningin í safninu sem opnuð var 1996

Annað land – annað líf var unnin af Byggðasafni Skagfirðinga fyrir Vesturfarasetrið og er í eigu Byggðasafnsins. Samvinna er einnig milli safnsins og setursins um söfnun heimilda um sögu afkomenda Vestur-Íslendinga. Setrið hefur ræktað samstarf við fræðafólk, bæði íslenskt og erlent, auk þess að vera í góðu samstarfi við stofnanir og einstaklinga í Vesturheimi. Má þar nefna Íslendingafélagið í Utah sem vann að sýningunni *Fyrirheitna landið* í samvinnu við Vesturfarasetrið. Markhópur safnsins hefur ekki hvað síst verið fólk af íslenskum ættum, búsett í Bandaríkjunum, Kanada og jafnvel víðar.

Valgeir Þorvaldsson er forstöðumaður Vesturfarasetursins og hefur verið frá upphafi. Vefur þess er á slóðinni www.hofsos.is.

Spákonuhof á Skagaströnd

Spákonuhof er sýning og spádómasetur sem er stofnað og rekið af Menningarfélaginu Spákonuarfi. Félagið var stofnað árið 2007 með það að markmiði að miðla sögu Þórdísar spákonu sem er fyrsti nafngreindi Skagstrendingurinn og var uppi á 10. öld. Menningarfélagið hefur síðan stofnað Spákonuhofið á Skagaströnd sem hefur verið starfrækt frá árinu 2011, en þar er boðið upp á spádóma og sögustundir, þar er líka handverksmarkaður og kaffiaðstaða. Samkvæmt starfsfólki var aðsókn að sýningunni lítið lakari sumarið 2020 en áður, þar sem fleiri Íslendingar voru á ferðinni.

Spákonuhof er sögusýning sem er óvenjuleg að því að leyti að upplýsingamiðlun fer fram í formi sögumennsku. Þar eru líka sviðsmyndir, textar og munir og samstarf var m.a. við Sögusafnið sem þá var í Perlunni og myndlistafólk. Samstarf og gagnkvæm samskipti hafa verið við erlenda listamenn sem hafa dvalið í Nes listamiðstöð.

Sýningin er einskonar blanda af sjónrænni upplifun, auk þess sem starfsfólkið beitir leikrænum tilburðum við að færa söguheiminn til gesta með stórgóðum árangri. Menningarfélagið hefur einnig staðið fyrir öðrum viðburðum tengdum sýningunni og í samræmi við markmið félagsins, m.a. sett upp leiksýningar og skipulagt fjallgöngur á Spákonufell.

Dagný Marín Sigmaradóttir er forráðamaður félagsins. Síðu um Menningarfélagið Spákonuarf er að finna á vef Skagastrandar: <https://www.skagastrond.is/is/um-skagastrond/spakonuarfur>.

Árnes

Um er að ræða elsta hús Skagastrandar og keypti sveitarfélagið það árið 2007 og lét gera það upp. Sýning var síðan opnuð í húsinu árið 2009. Menningarfélagið Spákonuarfur hefur umsjón með sýningunni fyrir hönd sveitarfélagsins og starfsfólk Spákonuhofs sér um gestamóttökuna.

Á sýningunni í þessu gamla húsi er fjallað um líf og aðbúnað fólks á Skagaströnd á fyrri hluta 20. aldar. Í kynningartexta kemur fram að húsgögn og munir sýningarinnar komi frá Muna- og minjasafni Skagastrandar, einnig séu þar lánshlutir og sumir gripirnir komi frá fyrrum ábúendum í húsinu. Húsið Árnes stendur á skilgreindu safnasvæði á Skagaströnd.

Spákonuafur sér um sýningarhaldið í Árnosi. Vefsíðu um Árnos er að finna á vef sveitarfélagsins Skagastrandar, <https://www.skagastrond.is/is/thjonusta/arnes-safn>.

Selasetur Íslands

Selasetrið hefur verið starfrækt á Hvammstanga frá árinu 2005, með fyrir augum að stunda rannsóknir á selum, auk þess að miðla fróðleik um dýrin í gegnum ferðapjónustu. Setrið er rekið í formi einkahlutafélags og er með fræðslumiðstöð og sýningu á Hvammstanga þar sem miðlað er þekkingu á selum og þeim rannsóknum sem stundaðar eru í samstarfi við ýmsar stofnanir.

Selasetrið er með öflugt tengslanet og gott bakland samstarfs- og stuðningsaðila. Samstarfsaðilar Selaseturs Íslands eru m.a. Háskólinn á Hólum, Hafrannsóknastofnun, Náttúrustofa Norðurlands vestra, BioPol, Veiðimálastofnun og Stokkhólms Háskóli. Tekist hefur að fjármagna verkefni og nokkur störf við rannsóknir í samstarfi við samstarfsaðila sem ráðið hafa starfsmennina til sín, m.a. eru sameiginlegir starfsmenn með Hafrannsóknastofnun, Náttúrustofu Norðurlands vestra og Háskólanum á Hólum. Selasetrið hefur einnig verið duglegt að fjármagna verkefni og að afla styrkja til uppbyggingar.

Selasetur Íslands tilgreinir markmið sín í fjórum liðum:

- að koma að uppbyggingu náttúrutengdrar ferðapjónustu einkum á sviði selaskoðunar,
- að hafa yfirumsjón með rannsóknum á selum við Íslandsstrendur í víðu samhengi,
- að vinna að rannsóknum á náttúrutengdri ferðapjónustu og áhrifum hennar á náttúru og dýralíf,
- að sinna fræðslu og upplýsingapjónustu um seli og ferðapjónustu í Húnaþingi vestra.

Selasetrið hefur fengið stuðning frá sveitarfélaginu Húnaþingi vestra í tengslum við samstarfssamning, en setrið rekur m.a. upplýsingamiðstöð ferðamála fyrir svæðið. Selt hefur verið í selaskoðunarferðir á setrinu og það hefur komið sér upp ferðaskrifstofuleyfi og skipulagði og seldi í ferðir. Fjöldi gesta kemur því á Selasetrið á ári hverju, ýmist til að afla upplýsinga, í tengslum við ferðapjónustuna eða til að skoða sýninguna. Covid hafði býsna mikil áhrif á starfseminu, en vonandi að nú rætist úr með því að ferðapjónustan eflist aftur eftir kófið.

Forstöðumaður Selaseturs Íslands er Páll L. Sigurðsson. Vefur setursins er á slóðinni www.selasetur.is.

Verslunarminjasafn á Hvammstanga – Bardúsa

Verslunarminjasafnið er staðsett í gömlu pakkhúsi á Hvammstanga og var sýningu safnsins komið á laggirnar í tengslum 100 ára verslunarafmæli staðarins árið 1995. Sjálfseignarstofnun var stofnuð utan um Verslunarminjasafnið, en það deilir húsnæðinu með handverksfélaginu Bardúsu og starfsmenn eru samnýttir. Safnið er starfrækt yfir sumarið, en eftir þörfum og eftirspurn á veturna. Sýningin fjallar um krambúð Sigurðar Davíðssonar á Hvammstanga og sýnir uppsetningu slíkrar verslunar frá upphafi 20. aldar. Fyrir minjavörsluna væri gott að skrá verslunarminjarnar í Sarpinn, t.d. í samvinnu við Byggðasafnið á Reykjum.

Íbúar í Húnaþingi vestra eiga kost á að vera með handverk sitt til sölu hjá Bardúsu. Hér er því á ferðinni skemmtilegt samspil handverkssölu og verslunarminjasafns, þar sem umhverfið er í anda liðins tíma. Þarna er áhugaverður samstarfsflötur, því staðurinn er enn mikilvægur verslunarstaður, vettvangur fyrir handverksfólk í héraðinu til að koma vörum sínum á framfæri.

Hugmyndir og umræður hafa verið á lofti um nýtt verkefni fyrir Verslunarminjasafnið. Við vegamótin vegarins út á Hvammstanga við hringveginn var frá því um 1930 ein allra fyrsta vegasjoppa landsins, söluskáli sem hét Norðurbraut. Skálinn var útibú frá verslun Sigurðar Davíðssonar á Hvammstanga. Húsið er enn til, ansi hrörlegt, en nú er rætt um hvort hægt sé að gera við húsið og varðveita í tengslun við Verslunarminjasafnið.

Í forsvari fyrir Verslunarminjasafnið er Þuríður Þorleifsdóttir og vinnur hún að að því starfi í sjálfboðavinnu. Verslunarminjasafnið og Bardúsa eru saman með Facebook-síðu.

Gagnkvæm virðing: Sveitarstjórnir og safnafólk

Rauði þráðurinn í starfsemi safna á Íslandi er gæðapróun. Hún er það sem skiptir mestu máli, lykilhugtak og leiðarljós sem mótar safnastarf. Fjöldi fólks vinnur að gæðapróun á söfnum landsins, daginn út og inn. Hitt er svo spurning, hvernig er best að koma öðrum en safnafólkinu sjálfu í skilning um mikilvægi þessarar vinnu? Sumir allra mikilvægustu þættirnir í hefðbundnu safnastarfi eru býsna ósýnilegir og fara að miklu leyti fram á bak við luktur dyr. Má þar nefna þætti á borð við forvörslu og rannsóknir, svo ekki sé minnst á allan útbúnaðinn og vinnuna við að geyma og varðveita menningararfinn fyrir komandi kynslóðir við viðunandi aðstæður. Þar þarf sýrufri umslög, kassa og umbúðir utan um ljósmyndir og skjöl, rétt eins og mismunandi gersemar, gripi og minjar. Eins þarf að hitastigið að vera rétt og rakastýring þarf að vera fyrir hendi og ólík öryggiskerfi sem þarf til að vernda menningararfinn fyrir áföllum. Skráningin er líka að mestu leyti ósýnilegt lykiltríði en algjörlega nauðsynlegt til að samhengi minja og saga varðveitist.

Það er eiginlega bara fræðslustarfið og miðlunin og allar þær fjölbreyttu aðferðir sem notaðar eru við hana sem snúa út á við, að öðru fólki. Meðal annars vegna þessarar sumpart ósýnilegu innri vinnu getur verið snúið að sannfæra bæði venjulegt fólk og valdastéttir sem ráða yfir fjármagn um gildi safnastarfsins. Fyrir utan hættuna á að fjármálaþing festist í hugsunum um hvað öll þessi fagmennska og gæðapróun sé tímafrek og kostnaðarsöm. Stundum er meira að segja dálítið bras að koma fólki sem er kosið fulltrúar fólksins í sveitarstjórnir eða á þing í skilning um það góða starf sem fram fer á söfnunum.

Þetta er lykilspurning fyrir söfnin í landinu: Hvernig má fá embættismenn og fulltrúa hjá sveitarfélögum eða á Alþingi eða jafnvel í ríkisstjórnnum og ráðuneytum til að leggja nægilegt fjármagn í málaflökkin? Hafa verður í huga að það er fullt af öðrum mikilvægum hópum í samfélaginu sem vilja líka gjarnan fá aukið fjármagn í margvíslega málaflökka og kalla eftir skilningi og samstöðu hjá sömu fulltrúum.

Staðreyndin er sú að á íslenskum söfnum starfar stór hópur af reynslumiklu, skapandi og duglegu hugsjóna- og fagfólki. Stundum beinlínis kraftaverkafólki sem virðist bókstaflega geta gert alla skapaða hluti og haldið fjölmörgum boltum á lofti í einu, eins og ekkert sé. Þar er saman komið fólk sem hefur oftast virkilega gaman af því sem það er að gera, allavega á meðan lágmarks skilningur og stuðningur er fyrir hendi.

Það er bæði sjálfsögð og eðlileg krafa á eigendur safna og þau sem fjalla um safnamál, að reynslu og þekkingu safnafólks sé sýnd virðing. Að fagmennska þess og sérfræðikunnátta sé viðurkennd og til safnafólksins sé leitað þegar málaflökkin er ræddur, að samræður og samráð eigi sér stað. Þetta á bæði við um málefni einstakra safna og málaflökkin í heild. Virðing er lykilhugtak sem beinlínis verður að vera fyrir hendi hjá því fólki sem lendir, annað hvort óvart eða viljandi eftir sveitarstjórnarkosningar, í hlutverki eiganda safna eða í stjórn. Þegar virðing er sýnd verður gagnleg samræða sem er líkleg til að skila ávinningi fyrir báða aðila.

Virðingin þarf svo líka að vera gagnkvæm, á báða bóga. Það er nefnilega líka alveg sjálfsagt að safnafólk sýni sveitarstjórnarfólki og hugmyndum þess áhuga og reyni að standa sig við að svara kröfum þess sem best. Senda þarf vandað upplýsingaefni, kynna starfsemina, bjóða nýju fólki á þessum vettvangi til fundar og viðræðna, í skoðunarferð og í kaffi. Það þarf að hlusta af athygli og áhuga á skoðanir þess og vangaveltur og grípa um leið tækifærið til að eiga gagnlegar samræður, upplýsa og fræða um starfsemina og hlutverk safnanna. Það eru fagleg vinnubrögð að sýna öðrum virðingu.

Það er nefnilega líka áhugavert að skoða sjónarhorn eigenda safnanna og þær hugmyndir sem kvikna úti í samfélaginu. Og auðvitað er gagnlegt að hugsa um hvaða kröfur sé eðlilegt að þessir aðilar geri til safna og safnafólks. Auðvitað spyr fólk sig, hverju á þessi starfsemi og stuðningur við hana að skila? Til hvers er eðlilegt að ætlast af söfnum sem fá stuðning og fjármagn úr opinberum sjóðum?

Fyrst kemur upp í hugann að sjálfsagt sé að ætlast til að þau sinni störfum sínum af fagmennsku og gæðapróun sé í hávegum höfð. Söfnin varðveiti skipulega minjar og list, myndir og minningar. Að þau miðli þekkingu og standi fyrir rannsóknum. Auk þess er útbreidd skoðun í samfélaginu að þau eigi að hafa ungu kynslóðina sérstaklega að markhópi, sinni safnfræðslu, taki á móti skólahópum og vinna verkefni sem höfða til unga fólksins. Síðustu áratugi hefur líka verið áberandi krafa til safnanna að þau taki þátt í því efla og bæta þjónustu við ferðafólk og leggist kröftuglega á sveif með ferðapjónustunni svo hún vaxi og dafni sem atvinnugrein. Þessi áhersla mun ekki minnka nú, þegar við sjáum fram á að komast út úr kófinu og ferðapjónustan fer að eflast á nýjan leik. Það er beinlínis ætlast til þess af söfnum að þau aðstoði við að ná því markmiði að innlendir og erlendir gestir snúi ánægðir heim úr ferðalögum. Og er það ekki bara eðlileg krafa? Auðvitað er samt erfitt að bregðast vel við kröfum og hugmyndum úr samfélaginu, nema fjármagn fylgi og mannaflí sé til staðar til að vinna að þessum verkefnum.

Samantekið sýna allar þessar hugmyndir um hlutverk safna í samtímanum, vaxandi kröfu til safnanna um að þau séu virkir þátttakendur í því samfélagi sem þau starfa í. Þau sinni nærsamfélaginu og þeim ólíku hópum sem tengjast umfjöllunarefni þeirra. Að einhverju leyti á þetta enn betur við eftir því sem söfnin starfa í minni samfélögum, þar sem starfsemi þeirra skiptir meira máli fyrir ímynd svæðis, sjálfsmynd íbúa, atvinnusköpun og stemningu. Það er líka alveg sjálfgefið að söfnin hugsi töluvert um þetta, því virk þátttaka í því sem er að gerast í samfélaginu skiptir söfnin sjálf líka miklu máli. Samfélagsleg virkni safna er mjög mótandi fyrir viðhorf fólks til þeirra, orðræðu um þau og hefur yfirleitt mjög jákvæð áhrif á starfsemina.

Eftir því sem hlutverk safna og virk þátttaka í samfélaginu er öflugri, því jákvæðari verður stemningin gagnvart safninu í samfélaginu sem það starfar í. Og þetta skilar sér til baka með aukinni almennri þekkingu á safnastarfinu og starfi safnanna. Sveitarstjórnarfólk og fulltrúar kjörnir á Alþingi eru nefnilega bara fólk sem tilheyrir sama samfélagi og annað fólk og hefur oft svipuð viðhorf.

Byggðasöfnin hafa verið talsvert í umræðunni síðustu misseri og umræða verið um hlutverk þeirra í samtímanum. Staða þeirra er til skoðunar í mörgum sveitarfélögum. Þegar horft er yfir sviðið fær maður þá tilfinningu að eigendur safnanna átti sig ekki alltaf nógu vel á þeim

möguleikum sem felast í starfsemi þeirra. Þetta vekur spurningar sem þarf að glíma við: Er tími byggðasafnanna að einhverju leyti liðinn eða þurfa þau að taka ákveðnari skref inn í framtíðina? Eða þurfa eigendur og stjórnvöld bara að taka sig taki og auka stuðninginn, enda sé ávinningur af því?

Það eru vissulega miklir möguleikar fólgnir í safnastarfinu fyrir eigendur safna. Þau eru mikilvæg fyrir mannlíf og menningu, ferðaþjónustu og fjölbreytni og það er líka hægt að nýta sérþekkinguna sem þar býr við margvísleg hagnýt verkefni og atvinnusköpun. Rannsóknir og miðlun sem geta vel haft verulegt samfélagslegt gildi. Með því að nýta mannauð og fagþekkingu safnafólks er hægt að vinna að allskonar verkefnum í tengslum við söfnin. Þau geta sinnt fjarvinnslu, námskeiðahaldi, viðburðum, ferðaþjónustu, margvíslegri kortlagningu menningarlandslags, menningararfs og sögu, undirbúið húsakannanir og fornleifaskráningu og glímt við margvísleg fleiri verkefni, stór og smá, eftir því sem mannaflinn leyfir.

Það er vel þess virði að safnafólk ræði öll þessi mál og annað sem sveitarstjórnarfolk er áhugasamt um, hvernig hægt sé að tengja söfnin betur við atvinnulíf og byggðapróun og nýta þau til jákvæðra verka. Það er í sjálfu sér ekkert að því að safnastarf sé um leið byggðapróunarverkefni í smáum samfélögum, því sé beinlínis beitt til að undirstrika sérstöðu svæða, það sé verkfæri við atvinnusköpun, því sé ætlað að styrkja ferðaþjónustu á svæðinu, auka afþreyingu og vera öflugt innlegg í menningu og mannlíf, standa fyrir uppákomum og viðburðum. Það er heldur ekkert sem mælir sérstaklega á móti því að því að safnastarf snúist að hluta til um að koma húsnæði sem hefur misst tilgang sinn og hlutverk í samfélaginu, aftur í notkun í þágu samfélagsins.

Ferli við sameiningu safna

Það fylgir því mikil ábyrgð að koma safni á fót eða taka við rekstri slíkra. Slíkt ætti ekki að gera nema að þaulhugsuðu máli og vel undirbúnu, og að höfðu samráði við fagfólk á safnasviðinu. Það er eðlilegt að gera þá kröfu til eigenda og stjórna að þeir treysti starfsfólki og sérfræðingum á söfnum þegar kemur að jafn mikilvægum ákvarðanatökum er varða menningararfinn og málefni safna, nýti þekkingu þess og reynslu.

Hver sem stofnar til safns eða tekur að sér rekstur safns þarf að átta sig á og skilja til fulls þær skuldbindingar sem því fylgja til langs tíma, hvort sem um er að ræða einkaaðila, stjórnir og aðstandendur sjálfseignarstofnana eða sveitarstjórnir. Af rekstri safna er yfirleitt ekki fjárhagslegur ávinningur, enda markmiðin nærri alltaf önnur og samfélagsmiðuð. Bakland og rekstrargrundvöllur safna verður að vera tryggður, til langs tíma.

Hlutverk eiganda og stjórna safna er að stjórna þeim og vinna af fremsta megni að markmiðum þeirra. Forsenda fyrir því að ákveðið sé að skoða sameiningu við aðra stofnun og hefja það ferli er þess vegna að það sé vilji þessara aðila. Slík ákvörðun þarf alltaf að byggjast á traustum rökum og skila faglegum ávinningi, vera í senn starfseminni sjálfri og minjavörslunni í landinu til heilla. Í viðræðum okkar við safnafólk og sveitarstjóra á Norðurlandi vestra urðum við yfirleitt ekki varir við verulegan áhuga á beinum sameiningum safna, það var miklu frekar að fólk talaði um aukið samstarf og oft var það pappírsvinnan nefnd sem verkefni sem gott væri að hafa sameiginlegan starfskraft til að sinna, gerð áætlana, umsókna, greinargerða og skýrslna. Sumir virtust jafnvel frekar vera dálítið áhyggjufullir yfir tilraunum okkar til að ræða um mögulegar sameiningar.

Í öllu falli er mikilvægt að fólk átti sig á að það er heilmikið ferli að ráðast í vinnu að sameiningu safna, það er ferli sem tekur tíma. Þetta á alveg eins við um sameiningar safna eins og hverra annarra stofnanna. Sameining sveitarfélaga mætti nefna í því samhengi til að fólk átti sig á flækjustiginu. Það er ljóst að slík vinna er aldrei einföld og markmiðin þurfa að vera skýrt skilgreind strax í upphafi. Samkvæmt kenningum í breytingastjórnun er mikilvægt að fylgja vel undirbúinni áætlun alveg frá upphafi. Oft eru höfð til grundvallar átta þrep til árangursríkra breytinga sem breytingastjórnunarfræðingurinn John P. Kotter setti fram í bók sinni *Leading Change*.¹⁰ Þessi þrep eru:

1. að skapa skilning á nauðsyn breytinga
2. mynda stýrihóp
3. skapa sýn og stefnu
4. miðla sýninni og upplýsa starfsfólk
5. styrkja starfsfólk til athafnafrelsis
6. skammtímasigrar skipulagðir fyrirfram í ferlinu
7. styrkja ávinninga, takast á við mótspyrnu og gefast ekki upp
8. festa breytingar í sessi til framtíðar

¹⁰ John P. Kotter, 1994. *Leading Change*.

Slíkar áætlanir, ráðagerðir og plön, eru mikilvæg og líklega nauðsynleg fyrir stórar ákvarðanir og ferli eins og sameiningar. Oft er tekið sem dæmi könnun á reynslu af sameiningu 120 stofnana í Bretlandi, þar sem niðurstaðan var að aðeins um 15% sameininga þeirra tókst vel, um 20% tókst vel að hluta til, en 65% þótti takast illa eða einfaldlega ekki.¹¹ Þetta er mikilvægt að hafa í huga: Vanda þarf vel til verka þegar vegferð sameiningar hefst.

Í þessu samhengi er mjög mikilvægt að horfa til sameininga sem hafa verið í gangi síðustu árin hér á landi. Dæmi eru um mjög stórar sameiningar safna á síðustu áratugum, eins og t.d. Landsbókasafns og Háskólabókasafns, en einnig var ráðist í mjög viðamikil ferli við sameiningu safna í Reykjavík fyrir ekki svo ýkja löngu þegar Borgarsögusafn varð til. Í ritgerð Hildar Jörundsdóttur, sem var lokaverkefni í MPA námi í opinberri stjórnslu frá 2015, er rýnt í sameiningu Borgarsögusafns, bæði hvernig ferlið var skipulagt og hvernig verkefnið gekk og stofnunin þróaðist í kjölfarið. Þar er á ferðinni góð úttekt á slíkri sameiningu þar sem mikilvægi þess að vanda vel til verka á öllum stigum málsins hefur verið haft sem leiðarstef.¹² Það er um að gera að reyna að læra af reynslu annarra ef ráðast á í slík verkefni.

Fleiri sameiningar safna hafa orðið á síðustu árum og líka úti á landsbyggðinni. Yfirleitt hefur þá verið um það að ræða að ólík söfn í eigu sama sveitarfélags renni saman í eina safnastofnun í héraðinu. Við viljum nota hér tækifærið og benda þeim sem vilja skoða slík verkefni á að hafa samráð við safnafólk, eigendur og stjórnendur, sem hafa gengið í gegnum slíkar breytingar. Nokkuð er um liðið síðan ráðist var í slíkar aðgerðir t.d. á Húsavík og í Borgarnesi, en styttra er síðan slíkar breytingar voru gerðar í Stykkishólmi og á Dalvík.

Í safnalögum eru ekki ákvæði um sameiningar minjasafna, en í bókasafnslögum er fjallað sérstaklega um sameiningar bókasafna. Þar kemur fram að sveitarfélögum er heimilt að sameinast um rekstur almenningsbókasafna í samræmi við sveitarstjórnarlög. Þetta er m.a. gert í Skagafirði. Þá þarf samstarfssamning sem kveður á um kostnaðarskiptingu, aðild að stjórn og verkefni stjórnar. Einnig er heimilt að reka saman skólasafn grunnskóla og almenningsbókasafn, en það þarf að gera á grundvelli skriflegs samstarfssamnings og „stofna til samningsbundins rekstrar- og þjónustusamstarfs milli almenningsbókasafns og bókasafns við skóla á framhaldsskóla- eða háskólastigi.“ Þegar um samrekstur skólabókasafns og almenningsbókasafns er að ræða, þarf að gæta að því að gera ráð fyrir greiðum aðgangi almennings að þjónustu safnsins utan skólatíma og gæta að hagsmunum allra notendahópa.

Sameiningar bókasafna í eigu sveitarfélaga virðist eðlilegt skref þegar sveitarfélögin eru sameinuð, að minnsta kosti hvað varðar forstöðu og stjórnun. Vel kann þó að vera að aðstæður séu þannig að nauðsynlegt sé að hafa safndeildir og þjónustustöðvar opnar á fleiri en einum stað, einkum ef fleiri en einn þéttbýlisstaður er í sameinuðu sveitarfélagi og/eða fjarlægðir miklar. Hugsanlega er hægt að vinna með sérhæfingu safndeilda í slíkum tilvikum, millisafnalánum o.s.frv.

¹¹ Sjá Jonathan Palmer, Change management in practice: Why does change fail?:

<https://www.projectsart.co.uk/change-management-in-practice.php>.

¹² Sjá hér:

<https://skemman.is/bitstream/1946/22915/1/Ferli%20sameiningar%20Borgars%C3%B6gusafns.pdf>.

Samantekið má segja að sameining safna sé ferli sem tekur tíma, skilgreina þarf vandlega ávinning, markmið og leiðir, kosti og galla. Mikilvægt er að sátt sé um þessi atriði og viðhorf starfsfólks í þessu ferli séu virt.

Þrátt fyrir þetta er hægt að setja fram nokkur meginatriði varðandi rétta tímamarkpunktinn og tilteknar aðstæður þar sem sameiningar safna koma almennt séð helst til álita:

- Þegar aðilar vilja sameinast og fagleg rök um eflingu starfseminnar liggja á bak við slíkar tillögur.
- Þegar eigandi safna er sami aðilinn.
- Þegar bakgrunnur, markmið og tilgangur starfsemi tveggja aðila er svipaður.
- Við allar sameiningar sveitarfélaga er eðlilegt að skoða þennan málaflokk, eins og aðra, í samráði við fagfólkið sem starfar í söfnunum.
- Þegar illa gengur hjá safnastofnun eða safnatengdri starfsemi fjárhagslega eða rekstrarlega og markmið um starfsemi og þjónustu nást ekki.
- Við kynslóðaskipti og stórar breytingar hjá einkareknum söfnum, geta skapast aðstæður þar sem sameining er besti kosturinn.

Að sama skapi koma sameiningar safna síður til álita við tilteknar aðstæður:

- Þegar markmið og tilgangur starfseminnar er ólíkur.
- Ólíkt eignarhald stendur oft í vegi fyrir sameiningum, viljinn þarf að vera fyrir hendi hjá báðum eða öllum aðilum.
- Þegar starfsemi lítilla safna er í blóma, starfsemin gengur vel og reksturinn er sjálfbær. Þegar sá árangur sem næst er langt umfram væntingar, miðað við það fjármagn sem lagt er til, er engin sérstök ástæða til vangaveltna um sameiningar.
- Ekki er mælt með því að mörg sveitarfélög á stóru landsvæði standi saman að rekstri eins safns, nema sýningarstaðir eða þjónustustöðvar séu þá fleiri. Nálægð íbúa og þeirra sem nýta þjónustuna við starfsemina sjálfa skiptir máli og ekki síður tilfinning íbúa um mikilvægi, tengsl og rætur safna á starfssvæðinu. Einnig um eignarhaldið þegar sveitarfélög eiga söfnin.

Samstarf: Umræður og úrbætur

Stóru spurningarnar sem þessi vinna snýst um er annars vegar um hugsanlegar sameiningar safna. Eins og sagt hefur verið hér frammar hljóta slíkar aðgerðir alltaf að byggja á vilja eigandanna og þurfa helst að vera framkvæmdar á faglegan hátt í fullu samráði við starfsfólkið á söfnunum. Heilt yfir kom ekki fram mikill eða gagnkvæmur áhugi á stórtækum aðgerðum á þessu sviði í viðtölum við safnafólk við undirbúning skýrslunnar. Öðru máli gegndi hins vegar um allt sem snéri að auknu samstarfi safna á svæðinu. Þar var mikill áhugi fyrir hendi og margvíslegar hugmyndir á lofti. Gjöfult samstarf hefur líka verið í gangi undanfarin ár milli safna á svæðinu, en fjölmargar tillögur komu líka fram í umræðum við safnafólk um hvernig væri hægt að byggja ofan á það.

Samstarfið getur auðveldlega orðið að veruleika, þótt sameining stofnanna sé ekki í farvatninu og kannski alls ekkert til umræðu. Það liggur raunar beint við að efla og stuðla að samvinnu, ávallt þegar tækifæri gefast, öllum aðilum til hagsbóta. Raunverulegt samstarf byggist alltaf á því að af því sé ávinningur fyrir alla sem taka þátt, staðan verður að vera sú að slíkum sameiginlegum verkefnum sé hægt að lýsa sem „win-win“ dæmi. Ef ávinningurinn er allur hjá öðrum aðilanum er samstarf ekki rétta hugtakið til að lýsa því sem fram fer.

Þeir aðilar sem taka þátt í gjöfulu samstarfi ættu að sjá marga fleti á ávinningnum af öllu saman. Samstarf býður upp á jákvæða umfjöllun og samstarf er líka vinsælt hugtak þegar kemur að fjármögnun verkefna, sókn í styrki og sjóði. Eins eru dæmi um að eigendur safna velti fyrir sér hvort samstarf geti ekki leitt til betri nýtingar fjármagns sem lagt er til rekstrar.

Fjölbreytt samvinna á ólíkum sviðum og við ólíka aðila, jafnvel þvert á sérsvið safnanna, hefur á margvísleg jákvæð áhrif á starfsemi þeirra og gæðapróun í safnastarfi. Samstarfið fer fram á misstórum svæðum og milli misjafnlega margra aðila, ýmist heima í héraði, í landsfjórðungi eða á landsvísu, teygir sig jafnvel út fyrir landsteinana. Það er alltaf til góðs að þjálfar starfsfólk í að horfa út fyrir kassann og víkka sjóndeildarhring allra sem að málum koma.

Staða mála í samstarfi safna

Í samræðum við safnafólk í landshlutanum kom fljótt fram að samstarf milli safna á svæðinu er nú þegar mikið og gott, í fjölmörgum tilvikum, einkum á milli þeirra sem starfa á sambærilegum sviðum eða í næsta nágrenni. Einnig er yfirleitt gott og mikið samstarf í gangi á söfnunum, bæði sín á milli og við ýmsa aðra aðila í héraði. Söfnin hafa t.d. staðið saman fyrir námskeiðum í forvörslu, vefsýningum og mörgum fleiri verkefnum á síðustu árum.

Stærri söfnin taka líka þátt í samstarfi á landsvísu, viðurkenndu söfnin í landinu starfa t.d. talsvert saman og hittast árlega á Farskóla safnmanna. Héraðsskjalasöfnin hafa líka samstarf á landsvísu. Símenntun safnafólks er þar á dagskránni og það er alltaf mikilvægt að hitta fólk í sömu stöðu, skiptast á reynslusögum og upplýsingum, bæði um það sem vel gengur og illa.

Almennt má segja að tengslanet safna í landshlutanum og líklega um allt land sé mun öflugra en gengið er út frá þegar hugmyndin á bak við þessa tillögugerð er skoðuð. Í leiðbeiningum í Byggingáætlun á að mæla árangurinn með því að telja annars vegar hversu mörg söfn sameinast og hins vegar fjölda þeirra safna sem hefja samvinnu. Staðreyndin er sú að söfn vinna heilmikið saman nú þegar, bæði innan svæða, innan landshluta og á landsvísu. Þau vinna líka yfirleitt með miklum fjölda aðila fyrir utan við safnaheiminn, m.a. eru mörg þeirra í samstarfi með skólakerfinu í sinni heimabyggð, ferðaþjónustuaðilum, fræðasamfélaginu og margvíslegum menningarfélögum og menningarstofnunum: Söfnin vinna einnig umtalsvert með listafólki og mörgum fleiri aðilum og hafa gert það mjög lengi.

Þetta er augljóst þegar söfnin á Norðurlandi vestra eru skoðuð. Á mörgum safnanna vinnur fagfólk með mikla reynslu og metnað sem veit ósköp vel hvað það er að gera. Eitt af verkefnum safnafólks og safnastofnanna er að vera sífellt að leggja mat á hvað sé mögulegt að gera í samstarfi, hvaða samstarf er líklegt til árangurs og hvaða samstarfi eigi verja tíma og fjármunum til að taka þátt í. Það sem fyrst og fremst afmarkar og rammur inn möguleikana á samstarfinu annars vegar mannaflí safnanna (fjöldi stöðugilda) og hins vegar það fjármagn sem er úr að spila eða hægt að krækja í.

Helsta fyrirstaðan fyrir lítil söfn við að taka þátt í árangursríku samstarf felst í fjölda starfsmanna á launum. Þar sem fáir eru í starfi og ef til vill bara einn forstöðumaður sem sinnir öllum þáttum safnastarfsins, er mun erfiðara að finna tíma til að gefa af sér og taka þátt. Staðreyndin er sú að samstarf skilar einkum árangri hjá þeim aðilum sem geta og hafa svigrúm til að leggja tíma í heimavinnu í samstarfinu, þar sem aðstæður eru og grundvöllur til að gefa og þiggja. Þess vegna þurfa minni söfnin oft að velja vel hvaða verkefnum er gefinn tími. Mörg öflugri söfnin hafa hins vegar nú þegar allar klær úti við að afla fjármagns til samstarfsverkefna.

Möguleikar á auknu samstarfi safna

Vissulega eru þó ýmis tækifæri og möguleikar á frekara samstarfi safna, setra og sýninga í landshlutanum. Það má raunar segja að samstarf sé sérstaklega mikilvægt í ljósi aðstæðna á Norðurlandi vestra, þar sem mörg verkefni og söfnin eru faliðuð og dæmi um að einn forstöðumaður sinni öllum hliðum starfsins. Það er áriðandi að safnafólk í þeirri stöðu upplifi sig ekki eitt í heiminum, jafnvel þótt það starfi í einmenningsstofnun. Safnastarf getur á köflum verið óskaplegt strögl og þegar sami einstaklingur glímir um alla verkþættina er hætt við að fólk brenni út í starfi sínu. Reglulegt samtal við fólk á sama sviði getur skipt sköpum.

Vel má huga sér samstarf milli safna um ýmislegt tengt rekstri. Vinna við fjármögnun verkefna gæti verið eitt af þeim málum, en einnig allskonar praktísk málefni, ræsting eða innkaup á dýrum búnaði til sýningahalds eða fyrirbyggjandi forvörslu eða slíkra verkefna. Hugsanlega fást betri tilboð ef fleiri panta búnað saman. Samstarf um starfskrafta og afleysingar milli safna til skamms tíma gætu líka komið til greina.

Það er í öllu falli eðlilegt að söfn á sama sviði vinni saman að margvíslegum verkefnum sem stuðla að fagmennsku og gæðapróun. Samvinna er frábær leið til að styrkja starfsemi safna, nýta ólíka sérfræðikunnáttu starfsfólks, yfirfæra þekkingu milli aðila, einnig við að miðla fróðleik,

hagnýta tækni í þágu starfseminnar og fleiri verkefni. Flest verkefni safna er hægt að vinna í samvinnu. Það gildir til dæmis um forvörslu og skráningu og það er líka alveg kjörið að sameinast um verkefni eins og námskeiðahald, bæði fyrir safnafólkið og námskeið sem það heldur fyrir almenning. Sama á við um verkefni í safnafræðslu og móttöku skólahópa, uppsetningu sýninga, ráðstefnuhald, rannsóknir og útgáfuverkefni svo dæmi séu tekin.

Það eru líka tækifæri í samstarfi þvert á fagsvið í safnastarfinu, milli minjasafna, héraðsskjalasafna og bókasafna. Þar eru tækifæri til að leiða saman ólíka starfsemi og sjónarmið, sem þó hafa sömu markmið, að varðveita og miðla menningararfinum. Svo dæmi séu nefnd mætti hugsa sér samstarf milli allra tegunda safna við kynningu og markaðssetningu, en einnig margvíslega tæknivæðingu og rafræna miðlun. Þarna gætu stofnanir klárlega sameinað krafta sína og um leið notið ávinnings af auknum sýnileika.

Samstarf gæti líka verið um viðburðahald: Hátíðir, leiki og skemmtanir. Hægt er að hafa samráð um bókakynningar, fyrirlestra og allskonar uppákomur, hvort heldur sem er um viðburðina sjálfa eða kynningu á því sem er um að vera á vegum safnanna. Sameiginleg sumardagskrá, eða jafnvel vetrardagskrá, er eitthvað sem söfnin gætu tekið sig saman um að kynna. Hægt er að senda farandsýningar á milli safna, bæði sögulegar og listasýningar.

Samstarf við móttöku og forvörslu á munum og minjum er líka einn möguleikinn. Minjar eru best geymdar þar sem aðstaðan er best til að taka á móti aðföngunum og geyma í góðri geymslu. Almennt séð má segja að byggðasöfn ættu helst ekki að taka við munum sem eiga betur heima á öðrum söfnum, s.s. héraðsskjalasöfnum, eða öfugt. Því er sjálfsagt að vísa gjöfum áfram ef þær eiga betur heima á öðru safni. Stundum hefur fólk ekki viljað skila inn munum til einstakra safna af einhverjum sérstökum ástæðum. Stundum byggist það á einhverjum rígg milli svæða, fólk vill að gripir séu varðveittir í ákveðnu þorpi eða sveitarfélagi. Stundum hefur fólk einhverjar áhyggjur af aðbúnaði og þar með framtíð gripanna. Stundum vill fólk líka vera viss um að minjar verði til sýnis, en endi ekki í geymslu. Því er sjaldan hægt að lofa, allavega ekki til lengri tíma. Samtal og samvinna, skýr söfnunarstefna allra aðila og samráð safna við söfnun muna, handrita og ljósmynda, myndi leysa úr slíkum álita- og vandamálum.

Skortur á geymslurými og geymslum, þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar er sameiginlegt vandamál safna í landshlutanum. Við slíkar aðstæður er eðlilegt að huga að sameiginlegum lausnum eða samráði um málin. Stjórnendur viðurkenndra safna og skjalasafna eru t.d. mjög meðvitaðir um kröfur sem gerðar eru varðandi varðveislu og geta miðlað þeim upplýsingum. Það væri líka vænlegt samstarfsverkefni fyrir söfn að skoða sameiginlega möguleika í að efla fagmennsku og fyrirbyggjandi forvörslu, t.d. varðandi öryggismál og öryggiskerfi, skjalaskápa, sýrufriar umbúðir og yfirbreiðslur í geymslum, hita- og rakastýringu, pv-filmur í glugga á sýningarstöðum og í geymslum svo dæmi séu nefnd. Menningararfinn þarf ávallt að geyma við viðunandi aðstæður. Fagmennska fylgir betri geymslum og aðstæðum.

„Sýnileikarnir“

Á sviði markaðssetningar, kynningar og bættrar ímyndar safna eru líka margvísleg tækifæri til samvinnu. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið langflestra safna, setra og sýninga að fjölga

gestum og þeim sem nota þjónustuna. Þannig má auka sértekjur og efla starfsemina. Við alla slíka vinnu er svo sjálfsagt og eðlilegt að hafa samstarf við markaðsstofu landshlutans, ferðamálafélög og fleiri sem vinna að kynningu á svæðinu.

Samvinna um kynningu og markaðssetningu getur verið um einstök verkefni eins og heimasíður eða notkun á samfélagsmiðlum og smáforritum. Eins mætti hugsa sér sameiginlegt átak í að bæta skráningar á algengum leiðsagnarforritum á borð við Google Maps, um þjónustu, opnunartíma og réttar leiðbeiningar fyrir ferðalanga. Heimasíðurnar eru mikilvægur gluggi út á við, þar er hægt að halda úti upplýsingamiðlun og fróðleik á ársgrundvelli, óbundið við stað og stund. Sameiginlegt safnakort fyrir fjórðunginn til dreifingar á ferðamannastaði væri líka áhugaverð tilraun, með einfaldri og myndrænni framsetningu.

Allskonar skemmtileg þematengd samvinna um fróðleiksmiðlun er möguleg. Gaman væri til dæmis ef að söfnin tækju sig saman um að birta myndir af safnafólkinu sjálfu að störfum og frásagnir þar sem sagt er frá þeirra sterku hliðum í safnastarfinu og spennandi verkefnum sem þau vinna að. Mörg söfnin vantar sérlega betra myndefni til markaðssetningar. Þau gætu tekið sig saman um að fá ljósmyndara eða kvikmyndagerðarfólk til að fara rúnt um svæðið og mynda söfnin og safnafólkið.

Samvinna um samræmdar merkingar gæti verið möguleiki og eins að samnýta hönnun, líkt og nýlega var gert hjá söfnum sveitarfélaganna í Skagafirði með sameiginlegu útliti á heimasíðum og lógóum. Hjá stöku sögustað og söfnum eru merkingar litlar og auðvitað væri betra ef ferðafólk ætti auðveldara með að finna viðkomandi aðila við veginn. Þar er líka nauðsynlegt að hafa Vegagerðina með í ráðum og í góðri samvinnu.

Á nokkrum stöðum á landinu hafa verið gerðar tilraunir með safnapassa sem virkar sem aðgöngumiði á fleiri en eitt safn, en stundum hefur líka gengið illa að útfæra slíkar hugmyndir nema eigandi sé sami. Oft gagnast slík verkefni frekar litlum söfnum. Nýlega var gerður sameiginlegur aðgöngumiði fyrir þrjú söfn í Borgarfirði sem vel mætti forvitnast um hvernig er útfærður og hvernig það verkefni hefur reynst.

Það er sjálfsagt að gera þær kröfur til safna um að þau standi undir ákveðnum kröfum um sýnileika og þeim væntingum sem til þeirra eru gerðar. Opnunartímar þurfa að standast og auðvelt þarf að vera að ná til safnanna, merkingar þurfa að vera í lagi og sýnileiki að vera fyrir hendi. Þegar auglýstur opnunartími er ekki virtur eða ekki réttur, grípa ferðamenn í tómt. Ímynd safnsins verður fyrir skaða og það orðspor getur smitast um allt svæðið. Sýnileiki á vefsvæðum og samfélagsmiðlum er líka mikilvægur og þar má ekki gleyma að tilkynna um allskonar breytingar, t.d. breyttan opnunartíma, óvæntar lokanir, forföll, að breyta þegar sumaropnun lýkur o.s.frv.

Til að fá samfélagið til að styðja málaflökk eins og rekstur safna, með ráðum og dáð og í orði og á borði, þurfa safnafólk að keppa við aðra málaflökka sem vilja líka betri skilning, meiri jákvæðni og samstöðu með því sem vel er gert. Til að ná árangri þarf að upplýsa fólk sem hefur takmarkaðan skilning á starfi sem unnið er á söfnum, það þarf að vekja þennan áhuga hjá því.

Það þarf að fá fólk til að upplifa að starfsemin skipti máli, það þarf að ná upp almennri stemningu fyrir því að styðja vel við söfnin. Til þess þurfa þau að vera virk og áberandi.

Það er dálítið leiðinlegt að stilla þessari vinnu við ímyndarsköpun safnanna upp sem einhverri keppni um athygli. Um leið er erfitt að sjá hvernig verður hjá því komist, það er ekki hægt að segja pass við þátttöku í þeim leik. Þessa keppni um skilning og fjármagn, athygli og áhuga fólks á gæðapróuninni, mætti kannski kalla „Sýnileikana“. Það er okkar mat að safnafólk beinlínis verði að taka þátt í Sýnileikunum, annars mun þeim aldrei takast að fá fólk til að skilja mikilvægi þeirrar vinnu sem unnin er á söfnum.

Til að ganga vel í Sýnileikunum þarf við að fara þær leiðir sem virka. Það verður að nota fjölbreyttar aðferðir, hitta fólk, tala við fólk jafnt á íslensku og á öðrum tungumálum, vera töff og virk á samfélagsmiðlum og yfirleitt tileinka sér og nota þá miðla sem eru í tísku og henta hverju sinni. Það verður að fá fleiri til að fylgjast með allri þessari miðlun en safnafólkið sjálft. Það þarf að ganga í augun á samfélaginu, fólk á ólíku aldursbili, ferðafólki, öðru safnafólki og eigendum safna, sveitarstjórnnum og stjórnvöldum á landsvísu. Það þarf að kynna allt það góða og gagnlega sem verið er að gera á söfnum, líka skemmtilega og sniðuga fólkid sem þar vinnur. Lífandi myndir virka örugglega best, stutt og spennandi myndbönd, bæði um mannfögnuð og margvíslegan fróðleik, áróðurs- og kynningamyndir. Langbest væri að gera átak í að koma söfnunum, safnafólki og verkefnum þeirra í sjónvarpið, alltaf þegar tækifæri gefast til þess. Eins mætti hugsa sér hlaðvarpsþætti fyrir söfnin í landshlutanum. Útvarp virkar vel og samfélagsmiðlar sömuleiðis. Sjónvarp virkar frábærlega. Með því að nota slíka miðla getur fólk byggt upp ímynd safna, setra og sýninga og komið þeim á framfæri. Sú ímyndaruppbygging er mikilvæg til langs tíma litið.

Sum verkefni er hægt að vinna á einstökum söfnum, önnur væri betra að framkvæma í landshluta og sum þyrfti helst að vinna í samstarfi á landsvísu. Eitt af því sem gott væri að gert yrði á landsvísu er að söfnin myndu vinna saman að viðhorfsbreytingu og auknum skilningi á safnamálum. Þjóðsagan segir að það liggi kvörn á hafsbotni sem malar salt, ár og síð og alla tíð. Þess vegna sé sjórinn saltur. Safnafólk á Íslandi vantar slíka kvörn í verkfærasafnið sitt, vettvang sem endalaust miðlar út í samfélagið upplýsingum um allt það skemmtilega sem er verið að brasa á söfnunum. Miðlunarvettvang sem kemur fréttum og myndum og margvíslegu efni markvisst og stöðugt á framfæri, út fyrir hóp safnafólksins sjálfs, fleygir slíkum fróðleik upp í loftið og út um víðáttur veraldarvefjarins. Fróðleik, ljósmyndum og myndböndum. Slíkt yrði örugglega gripið af öðrum fjölmiðlum sem gefa sér ekki tíma til að matreiða úrvals efni, en taka því fegins hendi þegar einhver leggur slíkt upp í hendurnar á þeim.

Á slíkum vettvangi þyrfti að miðla þeirri gæðapróun sem unnið er að á söfnum landsins. Hægt væri að fjalla um ólíka þætti sem auka þarf skilning á, í bland við hluti sem vekja meiri áhuga og athygli; fjalla um nýjungar og tækni, viðburði og miðlun, sýningar, verkefni, samstarf, geymslur, forvörslu og rannsóknir. Það vantar jákvæðan, vinsælan og vel kynntan vettvang safnafólks á vefnum sem miðlar af krafti margvíslegum upplýsingum um lífsgleði, dugnað og þrautsegju fólksins sem vinnur á söfnum landsins.

Áskoranir á tækniöld

Það er margt sem safnafólk þarf að spekulera í næstu árin og margvísleg nýting tækninnar í þágu safnastarfs og miðlunar hlýtur að vera ein af þeim áskorunum sem fólk þarf að hugsa um og tileinka sér. Eitt af því sem hlýtur að verða mikilvægara er nýting tækni við miðlun á sýningum, einnig við margvíslega vefmiðlun. Það er augljóst að á þessu sviði verður mikil þróun á næstu árum, þar sem leitast verður við að gera heimsóknir á sýningar að sífellt magnaðri upplifun – Vá! faktorinn mun fá aukið vægi, rétt eins og við hönnun áfangastaða í ferðaþjónustu.

Einnig þarf að hugsa um hvernig hægt er að eiga meiri samskipti við gesti, veita þeim betri athygli og persónulegri, en líka að fá þá til að leggja eitthvað af mörkum og taka þátt í starfsemi safnanna með margvíslegum gagnvirkum hætti. Heimsókn á safn í framtíðinni gæti alveg þróast í áttina að einstaklingsbundnu námi eða skemmtun. Það er vel mögulegt er að nota takmarkaða gervigreind að einhverju leyti í þessu skyni, að menn nýti tölvutæknina til að útbúa myndræna upplifun út frá upplýsingum sem fólk hefur um sjálf sig. Upplifun sem væri sérsniðin að gesti frá ákveðnum landshluta eða tilteknu landi, á ákveðnum aldri, með einhverja ákveðna menntun eða búsettum eða uppöldum á einhverjum tilteknum stað. Þrívíð miðlun er vissulega framtíðin, líka í sýningahaldi og rekstri safna. Það þarf að vekja og viðhalda forvitni unga fólksins og til þess þarf að beita nýjustu tækni og miðlunarleiðir sem það þekkir og notar.

Það eru gríðarleg sóknarfæri í þróun á þjónustu á söfnum og sýningum. Fólk borgar sig inn á sýningar og þá er eðlilegt að það vilji eitthvað spennandi fyrir snúð sinn. Það er dálítið áhugavert að hugsa um þetta í samhengi við umræðu um gjaldtöku við náttúruperlur. Þarna gildir að nota hugmyndaflugið. Upplifun skiptir miklu og þarna er samvinnuflötur. Í landshlutanum er einmitt líka öflug menningartengd ferðaþjónusta sem nýtir tæknina og þá er sjálfsagt fyrir safnafólk að fræðast og læra af þeirri uppbyggingu og velta saman vöngum um hvernig má nýta slíka tækni í hefðbundnum söfnum eða minni setrum og sýningum.

Annað sem viðkemur tækniöldinni og best væri að vinna að í samvinnu er rafræn söfnun og móttaka á rafrænum gögnum. Við teljum t.d. mikilvægt að héraðsskjalasöfnin á svæðinu hafi með sér samstarf um rafræna móttöku skjalagagna og skipulagsvinnu í kringum hana og einnig um hvernig best sé að standa að vistun á rafrænum gögnum. Mjög gagnlegt væri að þau söfn sem þegar hafa tekið skref í þessa átt miðli upplýsingum um aðferðir og vinnubrögð til hinna, að söfnin vinni saman að því að finna lausnir á þessu flókna viðfangsefni, í stað þess að finna upp hjólið hvert í sínu horni.

Söfnun ljósmynda og minninga í gegnum vefform eða vefgátt er líka eitthvað sem gjarnan mætti huga að í safnastarfi, einnig aukna áherslu á námskeiðahald og þátttöku gesta í rannsóknum. Safnfræðslan er svo enn einn vettvangurinn og miðlun hennar á vefnum. Einnig er auðvelt að ímynda sér að í framtíðinni verði stóraukið framboð á margvíslegum námskeiðum, fyrir hópa á öllum aldri og ýmsum menntunarstigum, bæði tengdum náttúru og sögu. Sama gildir um miðlun á eldri vinnubrögðum og handverki, með beinni þátttöku fólks í verkefnum, þar sem fólk lærir með því með prófa og prófar til að öðlast betri innsýn og skilning.

Samstarf út fyrir safnaheiminn

Margvíslegt samstarf við aðila á öðrum sviðum, bæði skyldum og óskyldum, getur líka vel skilað ávinningi, til dæmis við rannsóknir og miðlun. Þar má nefna samstarf við skólakerfið, á öllum mögulegum skólastigum, einnig við rannsókn- og fræðasetur og aðrar menningarstofnanir í héraðinu eða landshlutanum. Í landshlutanum er hægt að nefna tvo álitlega samstarfsaðila sem hafa án efa mörgu að miðla til safnanna, annarsvegar Háskólann á Hólum í Hjaltadal þar sem yfirgripsmikil þekking á safnamálum og ferðaþjónustu er fyrir hendi og hinsvegar Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra sem starfar á sviði sagnfræði og hefur höfuðstöðvar á Skagaströnd. Eins eru á Norðurlandi vestra starfandi öflug sögu- og fræðafélög sem standa fyrir metnaðarfullri útgáfu, sem sjálfsagt er að vinna með.

Fleiri aðila er hægt að nefna, t.d. Textílmíðstöðina sem er staðsett í gamla Kvennaskólanum á Blönduósi og byggir á grunni Textílseturs Íslands og Þekkingarsetursins á Blönduósi. Undir merkjum Textílmíðstöðvar Íslands er starfrækt alþjóðleg textíllistamiðstöð, sem býður upp á aðstoðu fyrir fræðafólk, listafólk og hönnuði sem vinna með textíl. Markmið hennar er að vera alþjóðleg miðstöð rannsókna og þróunar á textíllistum, -framleiðslu og -handverki á Íslandi. Undir merkjum miðstöðvarinnar eru stundaðar rannsóknir á háskólastigi auk fullorðinsfræðslu. Allt þetta starf byggir á samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Textílmíðstöðinni hefur gengið vel að afla stuðnings við starfsemina og stór verkefni, bæði innanlands og á alþjóðavísu. Af slíkum árangri geta söfnin lært. Fleira í starfseminni í Þekkingarsetrinu í gamla Kvennaskólanum á Blönduósi skarast við safnastarf og sögumiðlun, svo sem hið viðamikla verkefni um að gerð hins 46 metra langa Vatnsdælurefils. Einnig er þar minjastofa Kvennaskólans, þar sem munir og saga skólans er varðveitt og fróðleik um hana miðlað. Boðið er upp á leiðsögn um húsið og sýningarnar.

Nes listamiðstöð er annar aðili sem vert væri að söfnin myndu skoða vandlega til að velta fyrir sér samstarfsflötum. Listamiðstöðin er staðsett á Skagaströnd og var stofnuð árið 2008 með stuðningi sveitarfélagsins, SSNV og Sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Miðstöðin hefur síðan þá orðið æ sjálfbærari og nýtur virðingar á alþjóðlegum vettvangi. Markmið hennar er að efla og auka við atvinnu- og mannlíf Skagastrandar með því að hýsa fjölda alþjóðlegs listafólks á svæðinu, sem aftur miðla verkum sínum til samfélagsins. Á heimasíðu miðstöðvarinnar eru margt alþjóðlegt listafólk nefnt til sögunnar sem samstarfsaðilar listamiðstöðvarinnar. Á tíu ára afmæli Nes listamiðstöðvar fyrir tveimur árum, höfðu 730 listamenn frá 45 þjóðlöndum, unnið að verkefnum innan vébanda hennar, sem sýnir glögglega hversu dýrmæt starfsemi hér er á ferðinni fyrir samfélagið.

Í þessu samhengi er rétt að minna safnafólk á að nýta líka sem allra best þá atvinnuráðgjöf sem stendur til boða á svæðinu, hafa samstarf við ráðgjafa SSNV og reyna að koma sínum málefnum á framfæri í kringum hugmyndavinnu um sóknaráætlun landshlutans. Einnig er sjálfsagt að nýta aðstoð og sérþekkingu hjá Markaðsstofu Norðurlands og slíkum aðilum. Sjálfsagt er að nýta alla þessa aðila sem vilja aðstoða menningar- og atvinnulíf í landshlutanum sem allra best í þágu faglegs safnastarfs, rétt eins og annarrar atvinnustarfsemi.

Sama gildir um margvíslegt samstarf við aðra ferðapjóna sem söfnin eiga oft samleið með, enda sinna mörg söfn líka öflugri ferðapjónustu og gestamóttöku og hafa gert lengi. Samstarf við aðrar menningarstofnanir og aðila þar sem sýningarsalir eru fyrir hendi gæti líka mjög vel komið til greina.

Samstarf við einstaklinga í héraðinu, t.d. listafólk og einstaka fræðimenn, getur líka verið bæði gjöfult og gefandi og sum söfnin eru fundvís á samstarfsfleti. Í framtíðinni er auðvelt að sjá fyrir sér stóraukið samstarf við listafólk við allskonar miðlun og hönnun. Listafólk hefur tilhneigingu til að hafa einskonar snjóboltaáhrif, hlaða utan á sig jákvæðum straumum, athygli og fleira skemmtilegu fólki. Samstarf við ferðapjóna, listafólk, skapandi greinar, rannsóknarumhverfið og fræðafólk á hverjum stað er bæði einmitt bæði skemmtilegt og gefandi.

Séu þessi heilræði um samvinnu utan við safnaheiminn dregin saman, er kannski meginsteifið að samstarf þarf að vera við ólíka hópa, bæði fræðifólk, grúskara og listafólk, unga fólkið og eldri borgara. Aukið samstarf safna við ólíka hópa er framtíðarmúsík sem skiptir söfnin mjög miklu máli og hefur líka jákvæð og varanleg áhrif á ímynd safna og sjálfsmynd.

Tillaga um tilraunaverkefni: Samstarf safna 2022–2024

Aukin stemning og gagnkvæm kynni í hópi safnafólksins sjálfs skiptir umtalsverðu máli. Persónuleg tengsl eru mjög oft forsenda og aflvaki samvinnu. Málþing og sögustundir þar sem sagt er frá margvíslegum verkefnum sem söfnin eru að fást við væru skemmtileg og að auki er gagnlegt að hittast reglulega til að segja frá verkefnum sem eru í gangi, deila og yfirfæra þekkingu og skiptast á reynslusögum.

Þessu til viðbótar er mikilvæg að halda í gleðina í hópi safnamanna og þess vegna mælum við eindregið með reglulegum gagnkvæmum heimsóknum til viðbótar í samstarfi safnanna, sameiginlegum skoðunarferðum og hópefli. Það væri líka áhugavert að prófa að hafa uppskeruhátíð að hausti, kvöldverð og skemmtun, þar sem safnafólk skemmtir sér saman.

Við veltum talsvert fyrir okkur og ræddum fram og aftur hvort það væri skynsamlegt að stofna einhvers konar Safnaklasa á Norðurlandi vestra, formlegt verkefni eða félagsskap safnafólks sem hittist reglulega á fundum og hefði formlega stjórn sem kosin eða valin væri á þeim vettvangi. Niðurstaða okkar var þó að gera ekki tillögu um að ganga alveg svo langt í formlegheitunum, þótt það sé örugglega gagnlegt að formgera samstarf safnanna meira en nú er og bjóða fleirum að borðinu við ólík samstarfsverkefni.

Það er tillaga okkar að safnafólk á Norðurlandi vestra stofni þess í stað til tímabundins tilraunaverkefnis á árunum 2022-2024, til að efla samstarf safna á svæðinu, þar sem allt þetta væri hluti af pakkanum, en líka margvísleg smærri kynningar-, miðlunar- og símenntunarverkefni. Að auki yrði verkefnið þá vettvangur fyrir áframhaldandi umræðu um samstarf sem allir hafa ávinning af og það yrði hluti af verkefninu sjálfu að móta samstarfið og gera tilraunir með það. Verkefnið hefði þannig bæði upphaf og endi, sem myndi örugglega koma sér vel þegar reynt verður að fjármagna það og þá verkþætti sem unnið yrði að innan ramma þessa tilraunaverkefnis. Hvað fjármögnun snertir horfum við sérstaklega á að fá bæði stuðning

frá Sóknaráætlun Norðurlands vestra, hugsanlega sem þriggja ára áhersluverkefni, en að öðrum kosti með stuðningi úr Uppbyggingarsjóði. Einnig væri mjög líklegt að takast mætti að fá stuðning við slíkt verkefni úr Safnasjóði.

Til að undirbúa slíkt verkefni teljum við að væri heillaráð að taka stefnuna á stefnumót safna á Norðurlandi vestra nú í haust, árið 2021, þar sem starfsfólkið á söfnum, setrum og sýningum, ásamt eigendum safna (sveitarstjórnarfólki og stjórnarmönnum) kæmi saman til stórfundar. Þar væri gagnlegt að skiptast á fróðleik og skoðunum og að fulltrúar safnanna segi frá vel heppnuðum verkefnum sem unnið er að á hverjum stað. Hópurinn gæti því næst farið í léttan stefnumótunarleik til að kalla fram hugmyndir fólks um frekara samstarf. Á stefnumótinu verði loks samþykkt að ráðast í slíkt tímabundið tilraunaverkefni og skipaður starfshópur til að móta verkefnið og sækja um styrki og stuðning fyrir árið 2022.

Það gefur auga leið að svona verkefni þyrfti að vera leitt af öflugustu söfnunum á svæðinu og er þess vegna lagt til að viðurkenndu söfnin þrjú, Byggðasafn Skagfirðinga, Heimilisiðnaðarsafnið og Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna, ásamt Héraðsskjalasafni Skagfirðinga, taki að sér undirbúninginn. Það fer ekki hjá því að stóru söfnin verða að einhverju leyti að hugsa um sig sem stóru systkinin í samstarfi, eins og okkur sýnist reyndar að þau hafi að ýmsu leyti gert og taka nokkra ábyrgð á því að miðla fróðleik, upplýsingum og leiðbeiningum til annarra sem eru skemmra komin. Það er víða þörf er á þekkingu og reynslu sérfræðinganna hjá þeim söfnum sem hafa yfirleitt burði til að hafa sérfræðinga á á launum. Ef það á að verða eitthvað úr svona samstarfsverkefni verða þau enn að taka af skarið og hefja verkefnið.

Öðrum aðilum, sýningum, setrum og menningartengdu ferðapjónustunni, verði boðið til þátttöku, en hver og einn verður auðvitað að ákveða fyrir sína parta hvort áhugi sé á að taka þátt í samstarfinu og hvort aðilar hafi bolmagn til þess. Nánari útfærsluatriði þurfa að verða til í samræðum safnafólksins, hér er látið nægja að leggja til þennan ramma utan um verkefnið. Það er svo seinni tíma mál að velta fyrir sér hvort framhald eigi að verða á samstarfinu eftir slíkt átaksverkefni, sem myndi þá væntanlega byggja á mati á því hvernig hafi tekist til við með þessa tilraunastarfsemi, hvernig hafi gengið að móta og þróa samstarfið á þessum vettvangi.

Gleðskapurinn þarf eindregið að vera með í tilraunastarfseminni. Vel má hugsa sér að miða við sýslurnar sem vettvang fyrir sameiginlega uppskeruhátíð, skoðunarferð og skemmtun, eina hvert ár sem verkefnið stendur, Húnaþing vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð.

Lokaorð

Stundum er sagt að framtíðin sé óskrifað blað. Það er ekki rétt nema að takmörkuðu leyti. Stærstur hluti þess sem gerist í núinu byggir á ákvörðunum sem teknar voru í fortíðinni, áætlunum, ráðagerðum og plönunum. Sumt fer auðvitað öðruvísi en ætlað er, en að stórum hluta byggist uppbygging og gæðapróun á hugmyndum fólks sem einhvern tíma kom saman, átti faglegt samtal, ræddi málin og rótaði í framtíðinni.

Með skipulögðu átaki og ákvörðun um að leggja áherslu á fagmennsku, gæðapróun og samvinnu í safnastarfi, ásamt því að kynna mikilvægi málaflokksins og allt það fjölbreytta starf sem fram fer á söfnum, allt sem vel er gert á þessu sviði, með því að gera áætlun, með því að vinna markvisst eftir planinu, þá er lagður grunnur að gæfuríkri framtíð. Eins og reyndar með allri annarri áætlanagerð og stefnumótun, sem í framhaldinu er notuð markvisst til að ná markmiðum sínum og á leiðarenda.

Safnastarf á Norðurlandi vestra er að mörgu leyti til fyrirmyndar og nær vel að dekkja helstu svið minjavörslunnar. Byggðasöfn eru starfandi fyrir allt svæðið, einnig ýmiskonar sérhæfð setur, sýningar og verkefni. Ekki eru göt í skjalasafnakerfinu á svæðinu, eins og því miður er sums staðar á landinu. Ljósmyndasöfnun er sinnt og listum og náttúruminum að nokkru leyti. Bókasöfn eru til staðar, þjónusta þeirra aðgengileg og sýnileg út á við. Góður árangur hefur náðst við að varðveita menningararfinn fyrir komandi kynslóðir og miðlunin sem er í gangi er yfirleitt mjög frambærileg. Söfnin standa fyrir áhugaverðum verkefnum, samstarfi við skóla og allskonar sérhæfðri starfsemi. Sum söfnin og verkefnin eru fámenn af starfsfólki og sérstakt markmið ætti að vera að efla þau. Helst þyrfti alls staðar að vera fleiri en einn starfsmaður á söfnum, setrum og í safnatengdri starfsemi, sama gildir um uppbyggingu í menningar- eða náttúrutengdri ferðapjónustu sem ætlunin er að vaxi og dafni.

Heilmikið samstarf er þegar í gangi, þótt auðvitað megi alltaf gera betur í þeim efnum og margvíslegir möguleikar eru á frekara samstarfi. Nýta þarf betur sérfræðikunnáttu og sterkar hliðar einstakra starfsmanna, hvar sem kunnáttan liggur, hvort sem það er á sviði forvörslu eða viðgerða á listaverkum, við sýningahald eða notkun samfélagsmiðla í kynningarmálum. Fagþekkingin er mikilvæg og ráða þarf fagfólk í störf sem losna.